

SUNDSAMBAND ÍSLANDS

63. SUNDPING

SUNDSAMBANDS ÍSLANDS



**HALDIÐ Í ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. JÚNÍ 2019**

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Þinggöng :

<http://www.sundsamband.is/efnisveita/sundthing/thinggogn/>

Þingsetning

Þing sett af Herði Oddfríðarsyni

Kjör kjörbréfanefndar.

Arnar Már Loftsson formaður

Hilmar Örn Jónasson

Ingibjörg Helga Arnardóttir

Sólveig Jónsdóttir

Kjörnir þingforseti/ar

Hannes S Jónsson

Sólveig Jónsdóttir

Kjörinn þingritari/ar.

Aðalbjörg Óladóttir

Staðfest er að löglega hafi verið boðið til þingsins.

Ávörp gesta:

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ ber kveðju frá stjórn, framkvæmdastjón og starfsfólki ÍSÍ. Þakkir fyrir smastarf.

Fer yfir ýmis verkefni ÍSÍ – m.a. þjálfamentun.

Hvetur til að heimasíður ÍSÍ, SSÍ og annara sérsambanda séu skoðaðar enda mikið af góðum upplýsingum sem má finna þar.

Minnir á að persónuverndarlög snerta alla, bæði fyrirtæki og íþróttasambönd og íþróttafélög

ÍSÍ heiðrar Hörð Oddfríðarson fyrir langt og gott starf fyrir íþróttahreyfinguna. Herði afhent gullmerki ÍSÍ.

Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd.

Þingskjal 2019-06

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_06_Tillaga_um_Hei%C3%B0ur_svi%C3%B0urkenningar_2019%20-%20Copy%20\(2\).pdf?="](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_06_Tillaga_um_Hei%C3%B0ur_svi%C3%B0urkenningar_2019%20-%20Copy%20(2).pdf?=)

Gullmerki

Dýrleif Skjöldal fyrir sérstaklega ósérhlífna vinnu fyrir sundhreyfinguna

Hörður Oddfríðarson

Silfurmerki

Glenn Moyle fyrir uppbyggingu sundknattleiks

Þjónustumerki

Þingfulltrúar 63. Þings.

Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt.

178 atkvæði í boði - af þeim eru 38 mættir

Íþrótt og héraðssambönd 4

Félög 8

Mættir:

Keflavík 2 fulltrúar

Ægir 2 fulltrúar

Sundfélag Akranes 3 fulltrúar

Stjarnan 2 fulltrúar

Njarðvík 1 fulltrúi

Ármann 7 fulltrúar

Breiðablik 3 fulltrúar

Óðinn 1 fulltrúi - (sjá innskot varðandi umboð)

KR 3 fulltrúar

SH 9 fulltrúar

HSK 1 fulltrúi

ÍRB 1 fulltrúi

ÍBA 1 fulltrúi

ÍBR 1 fulltrúi

Fjölnir 1

Arnar Logi frá Óðni og ÍBA er með umboð fyrir hönd stjórnar ÍBA og Óðins

Kjörbréf eru samþykkt. Kjörbréf og umboð því gild á þinginu.

Kosning starfsnefnda þingsins.

Fjárhagsnefnd.

Björn Sigurðsson formaður

Bergþóra Guðmundsdóttir

Harpa Finnbogadóttir

Ingibjörg Helga Arnardóttir vinnur með nefndinni

Þingskjöl 2019-07,08,09,10 og 17

Laga- og leikreglanefnd.

Júlía Þorvaldsdóttir formaður
Ágúst Júlíusson
Ingibjörg Kristín Jónsdóttir
Hörður Oddfríðarson starfar með nefndinni
Þingskjöl 2019-13,14 + Alm ákvæði SSÍ og reglugerðir

Mótanefnd

Hilmar Örn Jónasson formaður
Arnar Logi Björnsson
Þuríður Einarsdóttir
Emil Örn Harðarson starfar með nefndinni
Þingskjal 2019-12 + handbók um mótahald

Allsherjarnefnd.

Bjarney Guðbjörnsdóttir formaður
Viktoría Gísladóttir
Björn Valdimarsson
Hörður Oddfríðarson starfar með nefndinni
Þingskjöl 2019-11, 11a,11b,15 og handbækur

Skýrsla stjórnar.

Hörður Oddfríðarson kynnir skýrslu stjórnar (sjá þinggagn nr 04)

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_04_Sk%C3%BDrsla%20SS%C3%8D_2017_til_2019.pdf?=
=](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_04_Sk%C3%BDrsla%20SS%C3%8D_2017_til_2019.pdf?=)

Hörður grípur niður í helstu atriði skýrslunnar.

Ekki hefur verið mikið um ágrenning í stjórn eða nefndum á þessu tímabili. Og samstarf milli stjórn og nefnda gott.

Stjórn SSÍ 2017-2019

Formaður : Hörður Oddfríðarson
Björn Sigurðsson
Hilmar Örn Jónasson
Jón Hjaltason
Jóna Margrét Ólafsdóttir – lét af störfum í sept 2017
Bjarney Guðbjörnsdóttir
Elsa Marí Guðmundsdóttir

Hrafnhildur Luthersdóttir
Margrét Gaua Magnúsdóttir – lét af störfum í sept 2017

Starfsmenn SSÍ

Ingibjörg Helga Arnardóttir - framkvæmdastjóri
Emil Örn Harðarson- mótastjóri
Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir - verkefnastjóri (hlutastarf frá 1.okt 2018)
Mladen Tepavcevic verkefnastjóri (hlutastarf frá 1.okt 2018)
Hlín Ástþórsdóttir bókarari
Hörður Oddfríðar formaður í 40% starfi frá 1.jan 2018 í 9 mánuði

Kynnir helstu tölur úr Rekstri og afkomu sem gengið hefur vel

Landslið: Áframhaldandi velgengi hefur verið - flestar áætlanir gengu upp.

Stefna og afreksstefna - Afreksstefna SSÍ er í samræmi við afreksstefnu ÍSÍ. Kallað var eftir ábendingum og athugasemdum – stefnan var send á öll félög innan ÍSÍ. Ekki bárust margir punktar en þeir sem bárust fóru inn í stefnuna.

Felix- Hörður leggur áherslu á að allir séu skráðir inn í Felix skráningarkerfið (þrátt fyrir galla kerfissins) – líka þeir sem stunda sund bara tvisvar í viku. Leggur áherslu á að ekki eigi bara að skrá þá sem eru í reglubundnum æfingum.

Sundknattleikur - nú er búið að vinna gott grunnstarf en komið að því að finna leið til að kynna inn í skólana til að geta tekið þróunina áfram.

Garpasund hefur verið á uppleið á undanförunum árum. Heldur fleiri stunda sund undir merkjum Garpa núna en var fyrir nokkrum árum.

Samhæfð sundfimi - Fram til þessa höfum við ekki verið með neina kennslu eða iðkenndur í samhæfðri sundfimi (ekki frá 1953)
Núna eru tvær stúlkur (systur) sem vilja keppa í samhæfðri sundfimi fyrir hönd Íslands. - Þær búa í Japan og eiga íslenskan föður

Grunnskólamótið - 630 keppendur voru í ár á mótinu.
Nú er það orðið svo stórt að hugmyndir um að breyta forminu í landssveita keppni. Það myndi líka draga vonandi enn fleiri að mótinu.

Lagabreytingar

Á þessu ári varð formbreyting (ekki innihaldsbreyting) á almennum ákvæðum sundsambandsins - þar sem þeim var raðað upp í kafla.
Fyrir þinginu liggja nokkrar lagabreytingar.

Lyfjapróf

Frá 2004 hefur enginn íslenskur sundmaður eða sundkona fallið á lyfjaprófi.

Mótahald var með hefðbundnum hætti
Bikar, ÍM25, ÍM50, RIG, IMOC, AMI, IOWC, SMÍ

Breytingar tillaga liggur fyrir þinginu um að bæta inn einu móti (Íslandsmót félagsliða)

#Metoo

Árið 2017 kom sundkona fram sem sagði frá misnotkun sem hún hafði orðið fyrir af hönd þjálfara síns.

Mikilvægt er að læra af þessu tilfalli svo hægt verði að taka betur á slíkum málum ef þau koma upp aftur.

Aga og siðareglur hafa verið endurskoðaðar og kynntar og eru aðgengilegar á vef Sundsambandsins.

Erlent samstarf

Mikill ágrenningur kom upp innan NSF - en sem betur fer leystist það mál.

Fjölmiðlar og samskipti.

Íþróttadeildir hjá öllum fjölmiðum eru að dragast saman og alls ekki góð þjónusta sem íþróttahreyfingin fær frá þeim.

Reynt er eftir megni að koma upplýsingum til fjölmiðla um allt sem er í gangi og halda góðu sambandi við þá.

Alltaf er unnið í að bæta þennan lið með tækni og öðrum leiðum.

Samskipti

Samskipti við félögin og þjálfara hafa verið góð

Sjá annars nánar í þingskjalinu

Hörður þakkar fyrir öll árin og gott samstarf.

Sérstakar þakkar fá Hlín Ástþórsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir og Jacky Pellerin

Þakkar einnig ÍSÍ sérstaklega fyrir þann heiður að fá gullmerki ÍSÍ afhent.

Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Björn Sigurðsson gjaldkerfi SSÍ kynnir reikninga sem þegar eru yfirfarðir og samþykktir af skoðunarfólki.

Sjá þingskjal 2019- 05, 05a, 05b

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_05_Reikningar_SS%C3%8D_2017_2018.pdf?=-](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_05_Reikningar_SS%C3%8D_2017_2018.pdf?=)

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_05b_%C3%81rsreikningur_2018_63_Sund%C3%BEings_2019%20-%20Copy%20\(1\).pdf?=-](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_05b_%C3%81rsreikningur_2018_63_Sund%C3%BEings_2019%20-%20Copy%20(1).pdf?=)

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_05a_%C3%81rsreikningur_2017_63_Sund%C3%BEings_2019%20-%20Copy%20\(2\).pdf?=-](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_05a_%C3%81rsreikningur_2017_63_Sund%C3%BEings_2019%20-%20Copy%20(2).pdf?=)

Björn dregur fram helstu punkta úr reikningum.

Reksturinn hefur verið í góðu jafnvægi

Stærsta áskorunin er nýtt kerfi hjá ÍSÍ - ná þarf að sýna þá raun veltu sem er innan sambandsins inn í bókhaldinu til að geta haldið sambandinu sem A sambandi

Við erum það sérsamband sem veltur hvað minnstu þrátt fyrir þessa stærð.

Eitt dæmi væri að þegar við erum með sundmót í Laugardalslauginni heila helgi þá kemur enginn reikningur fyrir því -

Sem dæmi lentum við í því 2018 að við þurftum að endurgreiða vissa styrki til ÍSÍ vegna við gátum ekki sýnt fram á næga veltu.

Við erum komin á þann stað að SSÍ getur greitt allan kostnað þegar sundmenn keppa á stórum mótum á vegum SSÍ erlendis.

Í grófum dráttum

Styrkir frá ÍSÍ hafa aukist jafnt og þétt

Alþjóðastyrkir hafa einnig aukist.

Útskýring fyrir hætti tekjum og kostnaði af móti 2017 en hin árin er að þá héldum við Norðurlandamót.

Hækkun á Launaliðum - ráðnir voru verkefnastjórar landsliða auk þess sem formaður SSÍ var á launum í 9 mánuði.

Rekstur mannvirkja hækkar mikið á milli ára - verður útskýrt nánar í fjárlaganefnd.

Rekstur skrifstofu - munur á upphæðum þarna skýrist af breyttum bókhaldslyklum.

Kynning, fræðsla og útbreiðsla. Aukið fé hefur verið sett inn í þennan lið.

Í Fjárlaganefnd verður farið nánar í frávík og helstu viðfangsefni.

Með leifi þingforseta er farið beint í áætlun.

Áætlun fyrir 2019 – 2021 - þingskjal 2019.17

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_17_Fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun_SS%C3%8D_2019_2021%20-%20Copy%20\(1\).pdf?="](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_17_Fj%C3%A1rhags%C3%A1%C3%A6tlun_SS%C3%8D_2019_2021%20-%20Copy%20(1).pdf?=)

Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga.

Enginn gefur sig fram í liðnum umræður skýrsla stjórnar og reikninga.

Skýrsla stjórnar og reikningar samþykkt einróma.

Tillaga borin upp -

Tillaga að þingsköpum 63. Sundþings samþykkt einróma.

Niðurstaða nefndarstarfa:

Fjárhagsnefnd.

Björn Sigurðsson kynnir niðurstöðu Fjárhagsnefndar

Fyrir lá tillaga að stjórn yrði falið að ákvarða þjónustugjöld fyrir næstu ár í takt við verðbólgu. Sjá þingskjal 10.

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_10_Tillaga_um_%C3%9Ej%C3%B3nustugj%C3%B6ld.pdf?=
=](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_10_Tillaga_um_%C3%9Ej%C3%B3nustugj%C3%B6ld.pdf?=)

Umræða myndaðist í kringum skráningar í Felix og hverja eigi að skrá þar inn og hverja ekki.

Tillagan var samþykkt með smá breytingu -
Þingskjal efur verið uppfært samkvæmt því.

Þingskjal nr 2019 -10 borið undir atkvæði - samþykkt einróma.

Fjárhagsáætlanir samkvæmt þingskjölum 2019- 7,8,9 og 17 borið undir atkvæði - samþykkt einróma

Laga- og leikreglanefnd.

Ingibjörg Kristín Jónsdóttir kynnir niðurstöður Laga- og leikreglanefndar.

Þingskjal 2019-13 og 2019-14

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_13_Lagabreytingatill%C3%B6gur.pdf?=
=](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_13_Lagabreytingatill%C3%B6gur.pdf?=)

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_14_Alm_%C3%A1kv_og_regluger%C3%B0ir_SS%C3%8D.pdf?=
=](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_14_Alm_%C3%A1kv_og_regluger%C3%B0ir_SS%C3%8D.pdf?=)

Smávægilegar orðalagsbreytingar á þeim tillögum sem lágu fyrir.

Þing skjal uppfært samkvæmt því.

Þingskjal 2019-13 og 2019-14 borin til atkvæða - samþykkt samhljóma

Mótanefnd

Hilmar Örn Jónasson kynnir niðurstöður mótanefndar.

Þingskjal 2019-12 Tillaga að Íslandsmóti félagsliða.

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_12_Tillaga%20um%20%C3%8Dslandsm%C3%B3t%20f%C3%A9lagsli%C3%B0a.pdf?=
=](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_12_Tillaga%20um%20%C3%8Dslandsm%C3%B3t%20f%C3%A9lagsli%C3%B0a.pdf?=)

Tillaga nefndar er að stjórn SSÍ verði falið að skoða breytingatillögur frá nefndinni.

Einnig ræddi Mótanefnd handbók SSÍ fyrir sundmót og leggur til að

Pingskjal 2019-12 með breytingum borið til atkvæða - samþykkt samhljóma.

Alsherjarnefnd.

Bjarney Guðbjörnsdóttir kynnir niðurstöður alsherjarnefndar

Pingskjöl 2019-11, 11a og 11b

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_11a_og_11b_Stefna_og_Afrekst_SS%C3%8D.pdf?="](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_11a_og_11b_Stefna_og_Afrekst_SS%C3%8D.pdf?=)

[http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_11_Tillaga_um_stefnu_SS%C3%8D.pdf?="](http://www.sundsamband.is/library/Efnisveita/Sundthing/2019/2019_11_Tillaga_um_stefnu_SS%C3%8D.pdf?=)

Stefna SSÍ og Afreksstefna voru ræddar. Ábending um að endurskoða orðalag og aðgerðaráætlun. Setja inn áætlun um hvenær og hvernig við ætlum að ná markmiðum.

Ábending um að bæta inn í handbók fyrir sundmót - ATH lýsingu í laug.

Pingskjöl 2019-11, 11a og 11b borin til atkvæða- samþykkt einróma

Pingskjal 2019 -15 borið til atkvæða – samþykkt einróma

Laga og reglugerðabreytingar bornar upp til sem heild með viðbættum breytingum úr nefnd. Samþykkt einróma.

Kosningar

Formaður til tveggja ára (2021)

Björn Sigurðsson SH- kosinn formaður til tveggja ára.

4 meðstjórnendur til fjögurra ára (2023)

Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA

Elsa María Guðmundsdóttir ÍBA

Júlía Þorvaldsdóttir ÍBR

Oddur Örnólfsson ÍBR

Meðstjórnendur til tveggja ára (2021)

Hörður Oddfríðarson

Viktoría Gísladóttir UMSK

Í varastjórn til tveggja ára (2021)

Hrafnhildur Luthersdóttir ÍBH
Leifur Guðni Grétarsson ÍA

2 félagslegir skoðunarmenn reikninga til tveggja ára (2021)

Júlíus Guðnason ÍA
Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR

Önnur mál.

Magnús Tryggvason – tekur til máls - þakkar Herði Oddfríðarsyni fyrir samstarfið.

Hannes S Jónsson þingforseti Þakkar Herði fyrir gott samstarf fyrir sína hönd og hönd íþróttahreifingarinnar

Ingibjörg – tekur til máls – þakkar Herði Oddfríðarsyni fyrir samstarfið. Stiklar á stóru varðandi hans feril. Herði færð stafafura og hengirúm að gjöf. Þessi ræða endar á standandi lófataki og ferföldu húrra hrópi.

Hörður Oddfríðarson– tekur til máls- þakkar fyrir gjafir og góð orð. Fær að veit Hörpu hjá ÍA heiðursmerki – en hún var ekki viðstödd

Þingslit

Björn Sigurðsson ný-kjörinn formaður. Þakkar þingforsetum fyrir vel unnin störf. Tekur undir þakkar orð til Harðar fyrir hans störf.

Fer aðeins yfir sinn bakgrunn.

Er sundforeldri en hefur ekki annan bakgrunn í sundi. Það að koma þannig að málinu er bæði kostur og galli. Galli að þekkja ekki allar hliðar sundsins og allt góða fólkið sem vinnur í sambandinu - En kostur að geta tekið við með autt blað.

Hefur mikla reynslu af rekstri og mannlegum samskiptum.

Þakkar kærlega fyrir sig og það traust sem honum er sýnt.

Þingi slitið kl 13:3

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 00

Nr.	Efni	Tillöguflytjandi / hver kynnrir	Vísað til
1.	2019-01 Tilkynning um Sundþing	Samkv lögum SSÍ / Þingforseti	Afgreitt í upphafi
2.	2019-02 Dagskrá Sundþings 2019	Samkv lögum SSÍ / Þingforseti	Afgreitt í upphafi
3.	2019-03 Tillaga að þingsköpum 63. Sundþings	Stjórn SSÍ / Þingforseti	Afgreitt í upphafi
4.	2019-04 Ársskýrsla SSÍ	Stjórn SSÍ / HJO	Afgreitt í upphafi
5.	2019-05, -05a og -05b Reikningar SSÍ 2017 og 2018	Stjórn SSÍ / BS	Afgreitt í upphafi
6.	2019-06 Tilnefning til heiðursviðurkenninga SSÍ	Stjórn SSÍ / BS	Afgreitt í upphafi
7.	2019-07a og 07b Fjárhagsáætlun SSÍ og landsliða SSÍ 2019	Stjórn SSÍ / BS	Fjárhagsnefnd
8.	2019-08a og 08b Fjárhagsáætlun SSÍ og landsliða SSÍ 2020	Stjórn SSÍ / BS	Fjárhagsnefnd
9.	2019-09a og 09b Fjárhagsáætlun SSÍ og landsliða SSÍ 2021	Stjórn SSÍ / BS	Fjárhagsnefnd
10.	2019-10 Tillaga um þjónustugjöld	Stjórn SSÍ / BS	Fjárhagsnefnd
11.	2019-11, -11a og -11b Stefna SSÍ og Afreksstefna SSÍ	Stjórn SSÍ / HJO	Allsherjarnefnd
12.	2019-12 Tillaga um Íslandsmót félagsliða	Stjórn SSÍ / HJO	Mótanefnd
13.	2019-13 Tillögur til lagabreytinga	Stjórn SSÍ / HJO	Laga- og leikreglnefnd
14.	2019-14 Tillaga um staðfestingu á Alm. ákv. og reglugerðum SSÍ	Stjórn SSÍ / HJO	Laga- og leikreglnefnd
15.	2019-15 Tillaga um staðfestingu á Handbók SSÍ	Stjórn SSÍ / HJO	Allsherjarnefnd
16.	2019-17 Stjórnarkjör og kjör félagslegra skoðunarmanna reikn.	Þingforseti	

**63. þing Sundsambands Íslands
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 01

Tilkynning um sundþing

Reykjavík 30. maí 2019

Ágætu félagar,

Sundþing 2019 verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 5. maí 2019.
Skráning þingfulltrúa og morgunhressing hefst kl. 08:00 laugardaginn 15. júní 2019.
Þingsetning kl. 09:00, ávörp, skýrsla stjórnar og framlagning mála.
Nefndarstörf frá kl 10.30 til kl 12.30.
Hádegisverður 12:30 til 13:30
13:00 til 14:00 lokafrágangur hjá nefndum
Kl. 14:00 Hefjast þingstörf á ný með afgreiðslu mála.
Kosningar eru áætlaðar kl. 16:00 til 16:30
Eftir kosningar halda þingstörf áfram en áætlað er að ljúka þinginu kl. 17:30.
Kl. 18:00 hefjum við Hátíðarkvöldverð þar sem við munum deila út viðurkenningum sem þingið samþykkir.

Málefni sem liggja fyrir þinginu eru:

- o Fjárhagsáætlun 2019, 2020 og 2021 og tillaga um þjónustugjöld 2019-2021
- o Tillaga um Íslandsmeistaramót félagsliða
- o Heiðursviðurkenningar
- o Reikningar SSÍ 2017 og 2018
- o Skýrsla stjórnar SSÍ 2017 til 2019
- o Stefna SSÍ 2019 – 2030
- o Lagabreytingar
- o Engin mál bárust frá sambandsaðilum til að leggja fyrir þingið

Tillögur og önnur gögn þingsins verða birt á heimasíðu SSÍ www.sundsamband.is jafnóðum og þau eru tilbúin. Sundþing 2019 er pappírslaut eins og undanfarin sundþing.

Tölvusamband er á þingstað og þingfulltrúar hvattir til að mæta með ferðatölvur til þess að komast í gögn þingsins jafnóðum, en þau verða vistuð á sérstöku svæði sem þingfulltrúar fá aðgang að. Þau héraðssambönd eða íþróttabandalög, sem óska fyrirfram eftir því, fá gögn þingsins útprentuð í einu eintaki í upphafi þings.

Hverjir hafa seturétt á þinginu?

Samkvæmt 6. grein laga SSÍ

Á sundþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn SSÍ
- b) Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
- c) Framkvæmdarstjóri ÍSÍ
- d) Fulltrúi menntamálaráðherra

63. þing Sundsambands Íslands
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 01

- e) Tveir fulltrúar samtaka sundþjálfa (ÍSS)
- f) Einn fulltrúi Sunddómarafélag Íslands (SDÍ)
- g) Einn fulltrúi samtaka íþróttakennara
- h) Formenn sérráða innan SSÍ
- i) Að auki getur stjórn SSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til

Þátttökutilkynning

Allir þeir sem hafa áhuga á málefnum sundhreyfingarinnar eiga kost á að sitja sundþing meðan húsrúm leyfir og taka þannig þátt í störfum þingsins. Sá fyrirvari er þó gerður að þeir sem taldir eru upp í staflíði a – i hér að ofan og kjörnir þingfulltrúar eiga forgang á þingið. Þeir sem hafa áhuga á að sitja sundþing en heyra ekki undir staflíði a – i og eru ekki þingfulltrúar verða að láta skrifstofu SSÍ vita með rafpósti sundsamband@sundsamband.is í síðasta lagi **fimmtudaginn 7. maí 2019**.

Þinggjald er kr. 7.500 fyrir hvern sem situr þingið. Í því er fólgið allur matur og kaffi auk annars þess kostnaðar sem til fellur á sundþingi. Þinggjald skal lagt á **reikning SSÍ, 0513-26-1327 kt.640269-2359**.

Vinsamlega sendið kvittun á rafpóst sundsamband@sundsamband.is þar sem fram kemur fyrir hvaða aðila er verið að greiða fyrir **fimmtudaginn 7. maí 2019 og gildir það sem skráning**.

Kjörbréf

Kjörbréf hafa verið send út til félaga og Íþróttabandalaga og Héraðssambanda. Er þess óskað að það sé fyllt út með nöfnun fulltrúa og varafulltrúa. **Kjörbréf eru ekki gild nema að þau séu undirrituð af til þess bærum fulltrúa héraðssambands, íþróttabandalags eða sundráðs.**

Hver sambandsaðili á einn fulltrúa á Sundþingi en fjöldi fulltrúa félaga reiknast miðað við fjölda virkra iðkenda og keppenda í einstaklingsgreinum og fjölda keppenda í sundknattleik, við næstu áramót fyrir sundþing.

Hver sambandsaðili innan ÍSÍ má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að **30 virka iðkendum** í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja **30 iðkendum** í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda einn fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja **50 keppendur** eða brot úr þeirri tölu eftir það.

Með sundkveðju

Ingibjörg Helga Arnardóttir
Framkvæmdastjóri SSÍ

**63. þing Sundsambands Íslands
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 02

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Dagskrá samkvæmt lögum SSÍ

1. Þingsetning – ávörp gesta.
2. Kjör kjörbréfanefndar.
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar.
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd.
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt.
6. Kosning starfsnefnda þingsins.
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laga- og leikreglnanefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.
 - d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur.
7. Skýrsla stjórnar.
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga.
10. Afgreiðsla reikninga.
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda.
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda.
13. Nefndastörf.
14. Fjárhagsáætlun - afgreiðsla.
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna.
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum.
17. Kosningar.
 - a) Kosning formanns til tveggja ára.
 - b) Kosning fjögurra stjórnarmanna á sundþingum sem haldin eru á oddatöluári til fjögurra ára.
 - c) Kosning tveggja varamanna til næsta sundþings
 - d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings
18. Önnur mál.
19. Þingslit.

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 03

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019 staðfestir meðfylgjandi fundarsköp þingsins.

Fundarsköp 63. Sundþings 2019

1.grein

Þingforsetar stjórna umræðum og sjá um að allt fari fram með góðri reglu. Þeir sjá til þess að störf þingsins fari að almennum fundarsköpum og þessari samþykkt. Þingforsetum er heimilt að úrskurða í álitamálum um meðferð mála innan þingsins og skulu þingfulltrúar hlýta úrskurði þeirra í hvívetna.

Þingforsetar leitast við að halda útgefna tímaáætlun þingsins.

2.grein

Afgreiðsla mála fer fram í fernu lagi í samræmi við lög SSÍ;

- a) Við birtingu tillagna með greinargerðum 2 vikum fyrir þing
- b) Við framlagningu tillagna í upphafi þings, þar sem málum er vísað í viðeigandi nefndir án umræðu
- c) Í viðeigandi nefnd, þar sem umræða um efnið fer fram. Þar er einnig hægt að leggja fram breytingartillögur. Í nefndum þingsins er heimilt að fara í þrjár umræður um sérhverja tillögu
 - i. Almennar athugasemdir og skoðunum lýst
 - ii. Tillögur um breytingar, ef einhverjar eru, lagðar fram og ræddar
 - iii. Lokaumræða til að tryggja að öll sjónarmið um málið hafi heyrst
- d) Við afgreiðslu málsins inn á þinginu, að loknu nefndarstarfi, þar sem formaður nefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Ekki er gert ráð fyrir almennri umræðu um efni tillagna á þessu stigi, en þingforseti má þó heimila fyrirpurnir og einstaka athugasemdir meti hann það nauðsynlegt

Leitast skal við að ná sameiginlegri niðurstöðu innan nefndarinnar. Formaður nefndar getur leitað fulltingis þingforseta ef nauðsynlegt er að úrskurða innan nefndar og samstaða næst ekki um mál.

Komi upp ágreiningur í nefnd og vilji minnihluti nefndar leggja fram tillögu um breytingu á niðurstöðu nefndar getur þingforseti lagt það til við þingheim að taka slíka tillögu á dagskrá, meti hann það nauðsynlegt. Samþykki a.m.k. 2/3 hlutar þingheims þarf til að samþykkja slíka tillögu þingforseta. Sé hún samþykkt er tillaga minnihluta nefndarinnar þá lesin upphátt af þingforseta og greidd um hana atkvæði án umræðu. Ef tillaga þingforseta um að taka tillögu minnihluta nefndar á dagskrá er felld, er ekki greidd atkvæði um breytingartillöguna.

Ekki er heimilt að koma fram með breytingartillögu, sem ekki hefur verið rædd í viðkomandi nefnd, á þinginu.

3.grein

Sundþing kýs 3 þingfulltrúa í hverja nefnd þingsins, sem hafa það hlutverk taka saman niðurstöðu nefndarinnar og tillögum. Sundþing kýs um hver þessara þriggja er formaður nefndarinnar. Formaður nefndar stýrir fundi hennar.

Efnisleg umræða um tillögur framlagðar á Sundþingi skulu fara fram innan nefnda þingsins. Einungis þar er heimilt að koma með breytingartillögur á fyrirliggjandi tillögur sem vísað hefur verið til nefndarinnar.

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 03

Niðurstaða nefndar og afgreiðsla þingsins getur verið með eftirfarandi hætti:

- a) Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt
 - i. Þingforseti ber tillöguna undir atkvæði þingsins
- b) Nefndin leggur til breytingar á tillögunni og ber hana þannig upp við afgreiðslu málsins
 - i. Þingforseti ber tillöguna þannig breytta undir atkvæði þingsins
 - ii. Felli þingheimur tillögu nefndarinnar, ber forseta að bera upphaflegu tillöguna undir atkvæði þingsins
- c) Nefndin leggur til að upphaflegu tillögunni verði vísað frá
 - i. Þingforseti ber frávisunartillöguna undir atkvæði þingsins án umræðu
 - ii. Nefndinni er ekki heimilt að leggja fram aðra tillögu í stað þeirrar sem hún leggur til að verði vísað frá.

Nú hefur niðurstaða einnar þingnefndar bein áhrif á niðurstöðu annarar þingnefndar. Skulu þingforsetar þá skera úr um málsmeðferð eftir að hafa ráðfært sig við formenn viðkomandi nefnda. Þingfulltrúum ber að virða úrskurði þingforseta.

Þingfulltrúum öllum er heimilt að velja sér nefnd til að starfa í. Heimilt er þingfulltrúum að fara milli nefnda, en ekki er heimilt endurtaka umræður um mál eða taka upp mál innan nefndarinnar, þar sem umræða hefur farið fram um.

4.grein

Þingfulltrúar geta hvenær sem er gert stuttar athugasemdir við störf þingforseta á meðan þingfundur stendur.

5.grein

Hljóðupptaka á þinginu er heimil til að auðvelda frágang þinggerðar.

6.grein

Að öðru leyti skal farið að almennum fundarsköpum og lögum SSÍ eftir því sem við á

**63. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 05

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019
staðfestir meðfylgjandi reikninga SSÍ fyrir árin 2017 og 2018 eins og þeir birtast á
þingskjölum 2019-5a og 2019 5b.

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 06

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Staðfestir nýjan heiðursfélaga í SSÍ

Heiðursfélagi SSÍ

og samþykkir að veita eftirtöldum aðilum Heiðursmerki SSÍ fyrir störf í þágu sundhreyfingarinnar á Íslandi:

Gullmerki

- Dýrleif Skjöldal fyrir áralanga vinnu í þágu sundíþróttarinnar
-

Silfurmerki

- Glen Moyle fyrir uppbygginu sundknattleiks á Íslandi

Þjónustumerki

- Þingfulltrúar á 63. sundþingi

Afhending gull og silfurmerkjanna fer fram í kvöldverðarboði laugardaginn 15. júní 2019

Greinargerð

Gull- og silfurmerki SSÍ – skal vera ýmist fest í borða í íslensku fánalitunum eða vera barmmerki. Merkið er staðfest einkennismerki SSÍ eins og það er á hverjum tíma í gulli eða silfri – og skal grunnur vera í sama efni. Stjórn SSÍ gerir tillögur til Sundþings ár hvert um veitingu viðurkenninga.

Gullmerki SSÍ má einungis veita íslenskum ríkisborgurum og skal einkum veitt þeim einstaklingum sem um lengri tíma hafa unnið afburða gott starf í þágu sundhreyfingarinnar eða skilað yfirburðaárangri meðal íslenskra sundmanna.

Silfurmerki SSÍ skal veita þeim sem unnið hafa framúrskarandi gott starf að málefnum sundhreyfingar eða hafa komið fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi sundhreyfingar. Einnig skulu sundmenn sem náð hafa viðurkenndum alþjóðlegum árangri hljóta silfurmerkið – og þar með allir þeir sem keppt hafa í sundi á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.

Þjónustumerki SSÍ má afhenda stjórnarmönnum SSÍ, nefndarmönnum og fulltrúum SSÍ á þingum ÍSÍ og sérsambanda sem SSÍ er aðili að. Stjórn SSÍ er heimilt að veita einstaklingum þjónustumerki fyrir gott starf að sundmálum.

**63. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 07

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019 staðfestir meðfylgjandi fjárhagsáætlun SSÍ fyrir árið 2019 eins og hún birtist á þingskjölum 2019-7a (almennur rekstur SSÍ) og 2019-7b (landslíð SSÍ).

**63. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 08

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019
staðfestir meðfylgjandi fjárhagsáætlun SSÍ fyrir árið 2020 eins og hún birtist á þingskjölum
2020-8a (almennur rekstur SSÍ) og 2020-8b (landslíð SSÍ).

**63. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 09

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019
staðfestir meðfylgjandi fjárhagsáætlun SSÍ fyrir árið 2021 eins og hún birtist á þingskjölum
2021-9a (almennur rekstur SSÍ) og 2021-9b (landslíð SSÍ).

**63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 10

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019
samþykkir að þjónustugjöld SSÍ fyrir árin 2017 - 2019 verði með eftirfarandi hætti:

1) Gjöld almennra sundiðkenda í félögum

- a. Einstaklingsgjald sundiðkenda kr. 3.200 og mótagjald sundiðkenda kr. 7.000 verða óbreytt út árið 2019
- b. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að einstaklingsgjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2020 og 2021. Ekki má hækka einstaklingsgjald umfram verðlagsbreytingar almennt.
- c. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að mótagjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2020 og 2021. Ekki má hækka mótagjald umfram kostnaðarhækkunar.
- d. Gjöldin eru innheimt 2 sinnum ári í samræmi við lög SSÍ.

2) Gjöld garpa verið innheimt í tengslum við IMOC

- a. Gjöld garpa verða óbreytt út árið 2019 þ.e. upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein kr. 3.200, gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina kr. 1.700 (allt að 3 greinar), gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0, og hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi skal innheimt af honum kr. 3.200.
- b. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á hækkunum garpagjalda. Leitast skal við að upphafsgjald fyrir einstaklingsgrein garpa sé það sama og einstaklingsgjald sundiðkenda. Hækkun á einstaklingsgreinum umfram eina skal vera í hlutfalli við hækkun á upphafsgreins.
- c. Öll gjöldin skulu vera greidd a.m.k. þremur dögum fyrir upphaf IMOC.
- d. Ekki er heimilt að endurgreiða gjaldið nema um sannanleg veikindi eða slys hafi verið að ræða.

3) Gjöld vegna Víðavatnssunds

- a. Gjöld vegna Íslandsmóts í Víðavatnssundi verða fyrir árið 2017 (óbreytt frá fyrra ári)
 - i. 1 km, kr. 1500,00 (kr. 2.500,00 ef skráning á staðnum)
 - ii. 3 km, kr. 2500,00 (kr. 3.500,00 ef skráning á staðnum)
 - iii. 5 km, kr. 2700,00 (kr. 3.700,00 ef skráning á staðnum)
 - iv. 3 km liðakeppni kr. 1.500,00 pr sundmann (kr. 2.500,00 ef skráning er á staðnum)
- b. Sundþing felur stjórn að ákvarða hækkunar fyrir árin 2018-19 skapist aðstæður til slíks

4) Gjöld vegna annarra Sundíþróttar

- a. Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða gjöld vegna annarra sundíþróttar skapist aðstæður til slíks.

Greinargerð:

Á Sundþingi 2017 var gert ráð fyrir lágmarkshækkunum á þjónustugjöldum árin 2015 - 2017, þar sem við vorum í raun að setja okkur fjárhagsáætlun tvö ár fram í tímann. Það sama á við nú, en hér breytum við aðeins um takt og felum stjórn að ákvarða hækkunar miðað við almennt verðlag.

63. þing Sundsambands Íslands ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL 15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 11

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Staðfestir meðfylgjandi Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ. Jafnframt felur sundþing stjórn SSÍ að uppfæra og viðhalda bæði Stefnu og Afreksstefnu í samræmi við aðrar samþykktir sundþings, aðstæður hverju sinni og eðlilegum breytingum sem verða á umhverfi sundíþróttá á Íslandi vegna árangurs sem næst.

Greinargerð:

Stefna og Afreksstefna SSÍ hafa verið til umfjöllunar á öllum þingum SSÍ frá árinu 2000. Skjalið hefur tekið miklum breytingum í árána rás, einfaldast og inn hafa komið áherslur tengdar öðrum sundíþróttum en keppnissundi.

Í aðdraganda 63. Sundþings var hreyfingunni gefinn kostur á að senda inn athugasemdir og tillögur um hvað gæti farið betur í Stefnu SSÍ. Þá voru nýráðnir verkefnastjórnar SSÍ beðnir um, ásamt landsliðsnefnd, að lesa yfir Afreksstefnu SSÍ. Örfáar ábendingar bárust og voru gerðar breytingar á texta stefnunnar í samræmi við flestar þeirra, auk þess sem sérstökum kafla um fræðslumál var bætt inn. Afreksstefnan tekur ekki miklum breytingum enda er hún metnaðarfull og uppfyllir hún skilyrði ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ um slíkt skjal.

Afrekssjóður ÍSÍ er okkur mjög mikilvægur, þar sem hann hefur verið grunnurinn að því að við höfum getað haldið utan um afreksstarfið. Eftir miklar breytingar á Afrekssjóði, sem eru yfirstandandi kom í ljós hvað við vorum heppin í sundhreyfingunni að eiga þróað Afreksstefnu sem nýttist okkur annars vegar vel við gerð umsókna í sjóðinn og ekki síður til að vinna úr þeim fjármunum sem við fengum. SSÍ er í hópi Afrekssambanda og um leið gerðar ákveðnar kröfur um umgjörð í kringum afreksstarfið. En um leið og við þurfum áfram að halda vel utan um afreksstjarfið, þá liggur fyrir að við þurfum að styðja við og taka frumkvæði í uppbyggingu sundfélaga og deilda úti um land, við þurfum að efla starf okkar meðal skólabarna, það þarf að undirbyggja aldurshópa betur til þess að úr verði afreksfólk og okkur er nauðsyn á að koma fræðslu út til aðstandenda sundfólksins okkar, hvort sem við erum að tala um foreldra, stjórnarfolk félaga, dómara eða þjálfara. Við þurfum að standa undir nafni og hugsa vel um aðrar sundíþróttir s.s. garpasund, víðavatnssund og sundknattleik, þetta eru að hluta til „fullorðinsíþróttir“ og munu skila okkur góðu umtali, sjálfbodaliðum og jafnvel fjármunum þó á óbeinan hátt sé.

63. þing Sundsambands Íslands Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Pingskjal nr: 2019 - 12

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Samþykkir að koma á Íslandsmóti félagsliða og felur stjórn SSÍ að hrinda henni af stað haustið 2019 með meðfylgjandi reglugerð. Jafnframt felur þingið stjórn SSÍ að þróa mótariðina áfram í samvinnu við þjálfara og félög.

Íslandsmót félagsliða í sundi

1. grein

SSÍ stendur fyrir Íslandsmóti félagsliða í sundi hvern vetur á tímabilinu september til apríl. Mótið ber heitið SMÍ.

2. grein

Á Íslandsmótinu er keppt um titilinn Íslandsmeistarar félagsliða í sundi.

3. grein

Íslandsmótið er mótarið a.m.k. þriggja sundmóta í aðdraganda ÍM25 að hausti og a.m.k. þriggja sundmóta í aðdraganda að ÍM50 á vorönn, auk ÍM mótanna beggja.

4. grein

SSÍ gefur út á atburðadagatali hvenær mótin í mótariðinni eru og félög sækja um til SSÍ að halda mótin.

5. grein

Á öllum mótum í mótariðinni skal boðið upp á keppni í 100 metrum í öllum sundaðferðum, bringusund, baksund, flugsund, skriðssund og fjórsund auk kynblandaðs boðssunds. Kynblönduð boðsund skulu vera í 200 metrum í 25 metra braut, en í 400 metrum í 50 metra braut.

6. grein

Öll félög sem senda sundfólk á mót í mótariðinni taka þátt í keppninni á jafnréttisgrundvelli. Tveir einstaklingar, einn af hvoru kyni, sem ná bestum árangri í sundaðferð á hverju móti fyrir sig, taka stig fyrir félagið samkvæmt meðfylgjandi töflu.

	Einstalingssund	Boðsund	
1. Sæti	20 stig	40 stig	
2. Sæti	18 stig	36 stig	
3. Sæti	16 stig	32 stig	
4. Sæti	14 stig	28 stig	
5. Sæti	12 stig	24 stig	
6. Sæti	10 stig	22 stig	
7. Sæti	8 stig	20 stig	
8. Sæti	6 stig	18 stig	
9. Sæti	4 stig	16 stig	
10. Sæti	2 stig	14 stig	

Samanlagður stigafjöldi félags úr hverju móti er tekinn saman og samanlagður stigafjöldi úr öllum mótum ræður úrslitum. Það félag sem nær hæstu samanlögðu skori á tímabilinu hlýtur titilinn Íslandsmeistari félagsliða. Séu félög jöfn að stigum ráða sæti í boðsundum á Íslandsmeistaramótum úrslitum. Séu félög ennþá jöfn ræður hlutkesti úrslitum.

6. grein

Það félag sem flest stig fær samanlagt er krýnt Íslandsmeistari félagsliða í sundi og fær að launum farandbikar sem getur unnist til eignar ef félag sigrar þrjú ár í röð.

7. grein

Heimilt er að nefna mótariðina í höfuðið á styrktaraðila.

Greinargerð

Félög hafa kallað eftir því að geta sótt í Ferðasjóð ÍSÍ styrki til að komast á mót í aðdraganda ÍM25 og ÍM50. Þessi tillaga er hluti af þeirri lausn sem leitað hefur verið að og leysir að hluta eða öllu leyti þann vanda sem félögin hafa verið í gagnvart sjóðnum. SSÍ hefur einnig verið þátttakandi í Meistaraviku RÚV undanfarin ár. Samkvæmt því sem sérfræðingar hafa sagt okkur vantar lokahnykk í sundhluta Meistaravikunnar til að hún nái tilgangi sínum. Þess vegna væri mjög við hæfi að lyfta bikar í lok útsendingar á ÍM50.

**63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 13

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum SSÍ. (Ath!!! Núverandi texti, sumstaðar yfirstrikaður til skýringa, sýndur í vinstra dálki en breyttur texti í hægri dálki. *Breytingar eru rauðlitaðar og skáletraðar*)

<p>1. grein er: Sundsamband Íslands, skammstafað SSÍ, er æðsti aðili innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og fer með sérgreinamálefni sundíþróttá á Íslandi. SSÍ er ólympískt samband og er aðili að Alþjóðasundsbandinu, FINA.</p>	<p>1. grein verður: <i>Heiti sambandsins er Sundíþróttasamband Íslands. Heiti sambandsins er skammstafað SSÍ, en einnig má nota heitið Sundsamband Íslands um sambandið. SSÍ er æðsti aðili innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og fer með sérgreinamálefni sundíþróttá á Íslandi. SSÍ er ólympískt samband og er aðili að <i>Norræna sundsambandinu NSF, Evrópska sundsambandinu LEN og Alþjóðasundsbandinu, FINA.</i></i></p>
--	---

Greinargerð

Í **1. grein** er lagt til að heiti sambandsins verði Sundíþróttasamband Íslands til að árétta að sambandið er regnhlíf fyrir allar greinar sundíþróttá sem eru innan LEN og FINA og ekki sé hægt að stofna sérstök sambönd um einstakar sundíþróttir. Þetta mun ekki hafa nein áhrif á núverandi starfssemi, auðkenni eða hvað sambandið er kallað. Þá er gerð tillaga um að árrétta alþjóðleg tengsl og samstarf sem SSÍ á í við NSF, LEN og FINA.

<p>3. grein er: Tilgangur og markmið SSÍ er í meginatriðum: a) Að hafa yfirstjórn allra sérgreinamálefna sundíþróttá á Íslandi. b) Að vinna að stofnun og starfssemi sundráða og efla á allan hátt sundíþróttir Íslandi. c) Að setja og fylgja eftir nauðsynlegum reglum, uppfærða og löggilda dómara, staðsetja og framkvæma mót SSÍ og staðfesta íslensk met. d) Að efla, samræma og skipuleggja málefni og verkefni landsliða og undirbúningshópa landsliða. e) Að vera fulltrúi íslensku sundhreyfingarinnar gagnvart erlendum aðilum og gæta þess að gildandi reglur um sundíþróttir á Íslandi séu í samræmi við alþjóðlegar reglur. SSÍ leitar atbeina ÍSÍ gagnvart alþjóðlegum samskiptum eftir því sem það á við</p>	<p>3. grein verður: Tilgangur og markmið SSÍ er í meginatriðum: a) Að hafa yfirstjórn allra sérgreinamálefna sundíþróttá á Íslandi. b) Að vinna að stofnun og starfssemi sundráða og efla á allan hátt sundíþróttir Íslandi. c) Að setja og fylgja eftir nauðsynlegum reglum, uppfærða og löggilda dómara, staðsetja og framkvæma mót SSÍ og staðfesta íslensk met. d) Að efla, samræma og skipuleggja málefni og verkefni landsliða og undirbúningshópa landsliða. <i>e) Að vinna að uppbyggingu á sundíþróttaaðstöðu um landið.</i> <i>f) Að fylgja eftir að sundkennsla á Íslandi sé eins og best verður á kosið á hverjum tíma.</i> g) Að vera fulltrúi íslensku sundhreyfingarinnar gagnvart erlendum aðilum og gæta þess að gildandi reglur um sundíþróttir á Íslandi séu í samræmi við alþjóðlegar reglur. SSÍ leitar atbeina ÍSÍ gagnvart alþjóðlegum samskiptum eftir því sem það á við.</p>
---	--

Greinargerð

Í **3. grein** er lagt til að tveimur atriðum verði bætt við tilgang SSÍ, en það er að vinna að uppbyggingu sundíþróttaaðstöðu um landið og svo að fylgja eftir gæðum sundkennslu á Íslandi. Þetta er í samræmi við breytingartillögur um verkefni stjórnar SSÍ í 11. grein

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 13

<p>7. grein er: Dagskrá sundþings er:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Þingsetning – ávörp gesta. 2. Kjör kjörbréfanefndar. 3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar. 4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd. 5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt. 6. Kosning starfsnefnda þingsins. a) Fjárhagsnefnd. b) Laga- og leikreglnanefnd. c) Allsherjarnefnd. d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur. 7. Skýrsla stjórnar. 8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram. 9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga. 10. Afgreiðsla reikninga. 11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda. 12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda. 13. Nefndastörf. 14. Fjárhagsáætlun – afgreiðsla. 15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna. 16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum. 17. Kosningar. a) Kosning formanns til tveggja ára. b) Kosning fjögurra stjórnarmanna e) Kosning tveggja varamanna til næsta sundþings ⇒ Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings 18. Önnur mál. 19. Þingslit. 	<p>7. grein verður: Dagskrá sundþings er:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Þingsetning – ávörp gesta. 2. Kjör kjörbréfanefndar. 3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar. 4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd. 5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt. 6. Kosning starfsnefnda þingsins. a) Fjárhagsnefnd. b) Laga- og leikreglnanefnd. c) Allsherjarnefnd. d) Aðrar nefndir, ef þörf krefur. 7. Skýrsla stjórnar. 8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram. 9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga. 10. Afgreiðsla reikninga. 11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda. 12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda. 13. Nefndastörf. 14. Fjárhagsáætlun <i>a) næstu tveggja reikningsára lagðar fyrir</i> <i>b) yfirstandandi árs staðfest</i> 15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna. 16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum. 17. Kosningar. a) Kosning formanns til tveggja ára. b) Kosning fjögurra stjórnarmanna <i>c) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings</i> 18. Önnur mál. 19. Þingslit. <i>Stjórn SSÍ skal láta koma fram í auglýstri dagskrá hvenær kosning til stjórnar hefst.</i>
---	--

Greinargerð

Í 7. grein er annars vegar lagt til að fjárhagsáætlunir fyrir næstu tvö reikningsár séu lagðar fyrir og jafnframt að fjárhagsáætlun yfirstandandi árs sé staðfest. Það er ankannanlegt að leggja áætlun ársins fyrir þegar stór hluti ársins er liðinn. Þess vegna er gert ráð fyrir að þingið staðfesti áætlun yfirstandandi árs og fylgi úr hlaði áætlun næstu tveggja ára á eftir.

Þá er lagt til að kosning um varamenn í stjórn fari ekki fram – í samræmi við breytingartillögur við 10. grein. Í lok þessarar greinar er bætt við tillögu að málsgrein sem fjallar um að í auglýstri dagskrá eigi að taka fram hvenær stjórnarkosning á að fara fram. Það er í samræmi við venju undanfarinna ára, auk þess sem mörg sérsambönd hafa tekið þessa ágætu reglu upp.

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 13

10. grein er:

Stjórn SSÍ skal skipuð níu mönnum sem allir eru kosnir til fjögurra ára í senn, auk þeirra eru tveir varamenn kosnir hverju sinni. Falli kjörinn stjórnarmaður frá eða hætti störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varamaður sæti hans fram að næsta sundþingi á eftir og skal það sundþing kjósa mann í staðinn til loka þess kjörtíma sem eftir var. Kosningu skal haga þannig að formaður er kosinn í beinni kosningu til fjögurra tveggja ára og 4 stjórnarmenn til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 stjórnarmenn til fjögurra ára. Kosid er um tvo varamenn á hverju sundþingi.

Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Milli funda annast framkvæmdaráð þar sem sitja formaður, varaformaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri, daglegan rekstur og fjalla um þau erindi sem berast. Formaður boðar til funda. Stjórn SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga, en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild.

10. grein verður:

Stjórn SSÍ skal skipuð átta einstaklingum auk formanns. Kosningu skal haga þannig að formaður er kjörinn í beinni kosningu til tveggja ára á hverju Sundþingi.

Einnig eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 einstaklingar til fjögurra ára. Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir Sundþing. Hafri ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd heimild til að framlengja frestinn um tvær vikur. Hafri þá ekki borist nægjanlega mörg framboð hefur kjörnefnd eina viku til að fá frambjóðendur í þær stöður sem lausar eru.

Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma. Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Stjórn skipar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum hópi. Framkvæmdaráð vinnur með framkvæmdastjóra SSÍ að úrlausn mála milli stjórnarfunda.

Formaður boðar til funda. Stjórn SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga, en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild.

Falli stjórnarmaður frá eða hættir störfum á milli Sundþinga, hefur stjórn SSÍ heimild til að kalla einstaklinga til starfa í hans stað. Einstaklingar sem þannig eru kallaðir til geta ekki ráðið úrslitum um afgreiðslu mála innan stjórnar SSÍ.

Greinargerð

Í 10. grein eru lagðar til ýmsar breytingar.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um orðalagsbreytingar um hvernig kjósa á stjórnarfólk. Engar efnisbreytingar eru gerðar.

Í öðru lagi er gerð tillaga um að fella burtu ákvæði um að kjósa varastjórn. Miðað við reynslu okkar þessi þrettán ár sem ákvæðið hefur verið í gildi er ekki ástæða til að hafa varamenn. Þess í stað er lagt til að stjórn geti kallað til starfa fólk falli stjórnarmenn frá eða hætti störfum. Það hefur verið gert í nokkur skipti og gefist ágætlega.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um orðalagsbreytingar hvað varðar framkvæmdaráð. Í stað þess að það sé ákveðið í lögnum hverjir skipa framkvæmdaráð er lagt til að stjórn skipi það úr sínum hópi. Alltaf er þó gert ráð fyrir að formaður fari fyrir framkvæmdaráði eins og stjórn.

Í fjórða lagi er sett inn ákvæði í 10. grein sem er í samræmi við breytingu sem gerð var á 12. greininni lögnum á Sundþingi 2017. Það fjallar um framboðsfrest og hvernig kjörnefnd ber að haga vinnu sinni í aðdraganda sundþings. Á móti er gert ráð fyrir að ákvæðið í 12. grein falli burtu þar sem eðlilegra þykir að fjalla um framboð til stjórnar í sömu grein og fjallað er um kosningu til stjórnar.

**63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 13

11. grein er:

Stjórn SSÍ fer með málefni sundhreyfingarinnar á Íslandi milli sundþinga. ~~Að öðru leyti er starfssvið stjórnar SSÍ:~~

1. Fylgist með að leikreglur og reglugerðir fyrir sundíþróttir séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur.
2. Annast skýrslugerð í samræmi við lög ÍSÍ.
3. Sker úr ágreiningi um sundmál og setur nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
4. Annast fjármál SSÍ.
5. Staðfestir íslensk met í sundíþróttum.
6. Lögildir dómara í sundíþróttum. ~~Stjórnarfundir skal halda eftir því sem þörf krefur, eða ef 2 eða fleiri stjórnarmenn óska þess~~

11. grein verður:

Stjórn SSÍ fer með **öllum** málefni sundhreyfingarinnar á Íslandi milli sundþinga. **Aðalverkefni** stjórnar SSÍ **eru:**

1. Fylgist með að leikreglur og reglugerðir fyrir sundíþróttir séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur.
2. Annast skýrslugerð í samræmi við lög ÍSÍ.
3. Sker úr ágreiningi um sundmál og setur nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
4. Annast fjármál SSÍ.
5. Staðfestir íslensk met í sundíþróttum.
6. Lögildir dómara í sundíþróttum.
7. **Heldur skrá um menntun og endurmenntun starfandi þjálfara á Íslandi. Stendur fyrir og styður námskeið og fræðslu fyrir þjálfara.**
8. **Framfylgir Stefnu SSÍ um uppbyggingu sundfólks og fjölgun félaga.**
9. **Framfylgir Stefnu SSÍ um uppbyggingu á sundíþróttaaðstöðu um landið.**
10. **Framfylgir Afreksstefnu SSÍ og gætir þess að vel sé hlúð að uppbyggingu og afreksstarfi innan sundfélaga og deilda.**
11. **Beitir sér fyrir að námsskrá um sundkennslu sé haldin og að sundkennsla á Íslandi uppfylli eðlilegar kröfur. Stjórn SSÍ er heimilt að stofna til samstarfs með öðrum sérsamböndum, héraðssamböndum/íþróttabandalögum, sveitarfélögum og ríkisvaldinu til að ná ofangreindum markmiðum.**

Greinargerð

Í **11. grein** er gerð tillaga um orðalagsbreytingu til að áréttu annars vegar að SSÍ er regnhlíf yfir allar sundíþróttir og málefni tengd þeim og hins vegar er orðalagsbreyting sem miðar að því að ramma betur inn skilning á verkefnum stjórnar SSÍ.

Þá er listinn um aðalverkefni stjórnar SSÍ lengdur til að áréttu þau verkefni sem stöðugt er unnið að og einnig er stjórninni gefin formleg heimild til að hefja samstarf við önnur sérsambönd, Héraðs- og íþróttabandalög, sveitarstjórnir og ríkið til að ná fram markmiðum sambandsins. Allt slíkt samstarf þarfnast engu að síður staðfestingar næsta Sundþings á eftir sbr. breytingar á Almennum ákvæðum og reglugerðum SSÍ. Þá er fellt út ákvæði um að halda stjórnarfundir eftir þörfum, þar sem í 10. grein er ákvæði um að stjórnarfundir eigi að halda einu sinni í mánuði og því óþarft hér.

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 13

12. grein er:

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum frá kjörnefnd umk mánuði fyrir sundþing. Öll framboð til stjórnar skulu liggja fyrir tveimur vikum fyrir þingbyrjun. Stjórn SSÍ skipar formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing og staðfestir skipan í starfsnefndir sem starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Ísland. Starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn skulu ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á.

Aga og siðanefnd

Fræðslu- og kynningarnefnd

Kjörnefnd

Landsliðsnefnd

Dómara-, móta- og tækninefnd

Sundíþróttarnefnd

Þjálfarnefnd

Aðrar nefndir sem stjórn SSÍ telur nauðsynlegt að taki til starfa

Stjórn skipar nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma. Íþróttamannanefnd SSÍ er skipuð 5 einstaklingum úr afrekshópum félaga innan SSÍ. Stjórn SSÍ stendur fyrir kosningu í Íþróttamannanefndina innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur. Íþróttamannanefnd SSÍ getur lagt mál fyrir stjórn SSÍ og fulltrúi stjórnar SSÍ situr fundi nefndarinnar. Nefndin getur óskað eftir fundum með stjórn SSÍ eftir þörfum. Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ, án þess að gildandi séu sérákvæði.

12. grein verður:

Stjórn SSÍ skipar formenn nefnda og fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing og staðfestir skipan í starfsnefndir sem starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Ísland. Starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn skulu ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á.

Aga og siðanefnd *minnst 3 einstaklingar*

Fræðslunefnd *minnst 3 einstaklingar*

Kjörnefnd *minnst 3 einstaklingar*

Landsliðsnefnd *minnst 5 einstaklingar*

Íþróttamannanefnd *minnst 5 einstaklingar (í samræmi við kosningu sundfólks)*

Dómaranefnd *minnst 5 einstaklingar*

Móta- og tækninefnd *minnst 3 einstaklingar*

Þjálfarnefnd *minnst 3 einstaklingar*

Aðrar nefndir sem stjórn SSÍ telur nauðsynlegt að taki til starfa.

Stjórn skipar nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma. Íþróttamannanefnd SSÍ er skipuð 5 einstaklingum úr afrekshópum félaga innan SSÍ. Stjórn SSÍ stendur fyrir kosningu í Íþróttamannanefndina innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur. Íþróttamannanefnd SSÍ getur lagt mál fyrir stjórn SSÍ og fulltrúi stjórnar SSÍ situr fundi nefndarinnar. Nefndin getur óskað eftir fundum með stjórn SSÍ eftir þörfum. Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ, án þess að gildandi séu sérákvæði.

Greinargerð

Í 12. grein er gerð tillaga um að fella brott fyrstu málsgreinina sem fjallar um störf kjörnefndar. Það er gert með þeim fyrirvara að samhliða breyting á 10. grein um hlutverk og störf kjörnefndar nái fram að ganga.

Þá er tiltekt í nefndalistanum, en af einhverju orsökum hafa breytingar á honum ekki birst réttar í lögum SSÍ fram til þessa.

Gerð er tillaga um lágmarksfjölda fólks í hverri nefnd. Þessi lágmarksfjöldi telur ekki fulltrúa stjórnar í nefndunum.

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 13

<p>13. grein er: Héraðssamböndin/íþróttabandalögin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SSÍ. Þau skulu senda stjórn SSÍ afrit af öllum lögum sínum. Þá skulu þau og senda henni allar skýrslur um mót sem haldin eru í undanþætti þeirra. Þessar skýrslur skulu sendar innan hálf mánaðar eftir að móti lýkur. Ársskýrslur sínar um störf sundráðs héraðssambands/íþróttabandalags skal sambandsaðili senda SSÍ fyrir 1. júní ár hvert. Vanræki sambandsaðili ítrekað að senda skýrslur fyrir hinn ákveðna tíma varðar það réttindamissi og brottrekstri. Þó skal ávallt aðvara viðkomandi sambandsaðila áður en gripið er til brottrekstrar.</p>	<p>13. grein verður: <i>Aðilar að SSÍ eru héraðssambönd, íþróttabandalög og íþróttafélög með sundíþróttir innan sinna vébanda. Aðildarfélög skulu senda stjórn SSÍ afrit af lögum sínum. Þau skulu senda SSÍ skýrslur um mót sem haldin eru á þeirra vegum í samræmi við reglur í Almennum ákvæðum SSÍ. Aðildarsambönd og -félög senda SSÍ ársskýrslur sínar. Jafnframt ber þeim að standa skil á skráningum í sameiginlegt skráningarkerfi íþrótt- og ungmennahreyfingarinnar í samræmi við reglur ÍSÍ þar um. Vanræki sambandsaðili ítrekað skýrslu- eða skráningarskil varðar það réttindamissi og brottrekstri. Þó skal ávallt aðvara viðkomandi sambandsaðila áður en gripið er til brottrekstrar</i></p>
---	---

Greinargerð

Í 13. grein er gerð tillaga að breytingum í samræmi við raunverulega aðild að SSÍ, en félög eru með beina aðild að SSÍ. Þá er einfaldað orðalag um skýrslu- og skráningarskil og orðalag fært til raunveruleikans.

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 14

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Staðfestir Almenn ákvæði SSÍ og reglugerðir SSÍ, með þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá Sundþingi 2017. Jafnframt felur þingið stjórn SSÍ, að uppfæra og viðhalda reglugerðum SSÍ eftir þörfum, á starfstíma sínum.

Greinargerð

Í **Almennem ákvæðum** voru engar efnisbreytingar gerðar, heldur var greinum ráðað á ný, reglugerðinni skipt upp í kafla, þannig að einfaldara væri að vinna eftir henni.

Aðrar reglugerðir SSÍ hafa ekki breyst, nema reglugerð um Styrktarsjóð Ólafs Þórs Gunnlaugssonar hefur verið felld úr gildi þar sem aldrei tókst að stofna þann sjóð formlega. Þess í stað hafa SSÍ og ÍF sett á stofn sameiginlegan styrktarsjóð fyrir sundfólk bæði fatlað og ófatlað. Sá sjóður ber nafn fyrrverandi formanns SSÍ og landsliðsþjálfara ÍF til marga ára, Erlings Þ Jóhannssonar. Reglugerð sjóðsins verður því bæði á ábyrgð SSÍ og ÍF. Þá liggur fyrir þessu þingi tillaga um nýja mótaröð SSÍ, sem kæmi þá inn í regluverkið.

**63. þing Sund sambands Íslands
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
15. júní 2019**

Þingskjal nr: 2019 - 15

63. þing Sund sambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

staðfestir meðfylgjandi Handbók SSÍ og felur stjórn SSÍ að uppfæra hana og viðhalda, í samræmi við aðrar samþykktir Sundþings, aðstæður hverju sinni og eðlilegum breytingum sem verða á umhverfi sundíþróttá á Íslandi.

Greinargerð

Handbók SSÍ hefur verið lögð fram til kynningar og staðfestingar á undanförunum sundþingum. Handbókin er lifandi skjal þar sem tekið er á ýmsum formlegum og óformlegum atriðum í starfi SSÍ. Í útgáfum fram að þessu hefur megináherslan verið lögð á keppnissund og landsliðsstarf og svo er enn, en rætt hefur verið um nauðsyn þess að bæta við fleiri köflum til að ná yfir starfssemi SSÍ í heild. Handbókin hefur verið aðgengileg á heimasíðu SSÍ og verður það áfram

63. þing Sundsambands Íslands
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINI Í LAUGARDAL
15. júní 2019

Þingskjal nr: 2019 - 16

63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019

Tillögur kjörnefndar

Formaður til tveggja ára (2021)
Björn Sigurðsson ÍBH

4 meðstjórnendur til fjögurra ára (2023)
Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA
Elsa María Guðmundsdóttir ÍBA
Júlía Þorvaldsdóttir ÍBR
Oddur Örnólfsson ÍBR

2 meðstjórnendur til tveggja ára (2021)
Hörður J. Oddfríðarson ÍBR
Viktoría Gísladóttir UMSK

2 í varastjórn til tveggja ára (2021)
Hrafnhildur Lúthersdóttir ÍBH
????

2 félagslega skoðunarmenn reikninga til tveggja ára (2021)
Júlíus Guðnason ÍA
Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR

Greinargerð

Það hefur legið fyrir í rúmt ár að Hörður J. Oddfríðarson muni láta af formennsku í sambandinu á Sundþingi 2019 þrátt fyrir að eiga kjörtíma til 2021. Núverandi gjaldkeri mun gefa kost á sér í embættið, en hann á kjörtíma til 2021. Þá hafa tveir stjórnarmenn hætt störfum á tímabilinu annar þeirra átti kjörtíma til 2021. Því þar að kjósa 2 til tveggja ára í stað þeirra. Að öðru leyti skýrir tillagan sig sjálf.

Áfram í stjórn sitja sitja Hilmar Örn Jónasson og Jón Hjaltason, með kjörtíma til 2021.



SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ 2017-2019

**Yfirlit yfir stjórn og nefndir SSÍ,
Skýrsla stjórnar SSÍ
Skýrslur nefnda SSÍ**



EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2017 TIL 2019	3
SUNDÞING 2017	3
<i>Þingforsetar</i>	3
<i>Þingritarar</i>	3
<i>Kjörbréfanefnd</i>	3
<i>Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2017</i>	3
<i>Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga</i>	3
<i>Kjörin á sundþingi</i>	3
NEFNDAFÓLK SSÍ	4
SKIPAD AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2017-2019	4
Aga- og siðanefnd:.....	4
Almennings- og skólanefnd:	4
Dómaranefnd:	4
Móta- og tækninefnd.....	4
Dýfinga- og sundfiminefnd	4
Fræðslu- og kynningarnefnd:	4
Garpanefnd.....	4
Íþróttamannanefnd: (kjör staðfest í stjórn 18/5 2017)	4
Kjörnefnd:.....	4
Landsliðsnefnd:.....	4
Lífshjörg:	4
Mannvirkjanefnd:.....	4
Víðavatnssund.....	4
Þjálfaranefnd:.....	4
Launaðir starfsmenn SSÍ 2017-2019	5
SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSTÍMANN 2017-2019	5
Inngangur.....	5
Stjórn SSÍ.....	6
Skrifstofa SSÍ.....	6
Rekstur og afkoma	7
Landsliðsstarf.....	7
Stefna SSÍ	7
Sundíþróttir fyrir alla	8
Lög og reglur.....	8
Mótahald SSÍ	8
Erlent samstarf	8
#metoo, fjölmiðlar og samskipti.....	9
Að lokum	9
SKÝRSLUR NEFNDA STARFSÁRIN 2017 TIL 2019	10
AGA OG SIÐANEFND SSÍ 2017-2019.....	10
FRÆDSLUNEFND SSÍ 2017-2019.....	10
DÓMARANEFND SSÍ 2017-2019.....	11
LANDSLIÐSNEFND SSÍ 2017-2019	16
AÐRAR NEFNDIR SSÍ 2017-2019.....	19

ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2017 til 2019

**62. þing SSÍ var haldið í Efstaleiti 7 í Reykjavík
dagana 24. og 25. mars 2017**

Sundþing 2017

Þingforsetar	Gunnar Svavarsson og Líf Magneudóttir
Þingritarar	Bjarney Guðbjörnsdóttir og Trausti Gylfason
Kjörbréfanefnd	Jón Hjaltason Ingibjörg Helga Arnardóttir Hlín Ástþórsdóttir

Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2017

157 fulltrúar frá 42 félögum og deildum og 25 fulltrúar frá 25 sambandsaðilum hafa seturétt á sundþingi 2015. Samtals 182 frá 67 aðilum. Kjörbréf bárust frá 8 félögum og sambandsaðilum. 42 einstaklingur eru skráðir fullgildir fulltrúar á þingið. Atkvæðafjöldi er 42 og ekkert umboð.

Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga**Kjörin á sundþingi**

Stjórn SSÍ:	Formaður:	Hörður J. Oddfríðarson ÍBR – kjörinn til fjögurra ára Björn Sigurðsson ÍBH – kjörinn til fjögurra ára Hilmar Örn Jónasson ÍRB – kjörinn til fjögurra ára Jón Hjaltason ÍBR – kjörinn til fjögurra ára Jóna Margrét Ólafsdóttir UMSK – kjörin til fjögurra ára – lét af störfum vegna persónulegra ástæðna í september 2017 Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA – kjörinn 2015 til fjögurra ára Elsa María Guðmundsdóttir ÍBA – kjörinn 2015 til fjögurra ára Hrafnhildur Lúthersdóttir ÍBH – kjörin 2017 til tveggja ára Margrét Gauja Magnúsdóttir ÍBH – kjörin 2017 til tveggja ára – lét af störfum vegna persónulegra ástæðna í september 2017
	Varamenn:	Eva Hannesdóttir ÍBR – kjörin 2017 til tveggja ára, færist upp í aðalstjórn 1/10 2017 Helga Sigurðardóttir ÍBR – kjörin 201 til tveggja ára, færist upp í aðalstjórn 1/10 2018 Júlía Þorvaldsdóttir ÍBR – kölluð til starfa af stjórn í nóv 2018
Skoðunarmenn reikninga:		Júlíus V Guðnason ÍA Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR bæði kjörin til tveggja ára.

NEFNDAFÓLK SSÍ

SKIPAD AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2017-2019

<p>Aga- og siðanefnd: Ásdís Ó Vatnsdal formaður Helga Sigurðardóttir Jónas Tryggvason <i>Jóna Margrét Ólafsdóttir fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Almennings- og skólanefnd: <i>Margrét Gauja Magnúsdóttir fulltrúi stjórnar</i> <i>Elsa María Guðmundsdóttir fulltrúi stjórnar</i> <i>Hrafnhildur Lúthersdóttir fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Dómaranefnd: Viktoría Gísladóttir formaður Björn Valdimarsson Bryndís Sigurðardóttir Ingibjörg Ýr Pálmadóttir Hilmar Theódór Björgvinsson Lilja Ósk Björnsdóttir Sigurður Óli Guðmundsson <i>Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Móta- og tækninefnd Ragnhildur Guðjónsdóttir <i>Emil Örn Harðarson mótastjóri fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Dýfinga- og sundfiminefnd <i>Hrafnhildur Lúthersdóttir fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Fræðslu- og kynningarnefnd: Ingibjörg Kristinsdóttir formaður Bjarney Guðbjörnsdóttir Vesturland Salóme Rut Harðardóttir Austurland Benedikt Sigurðsson Vestfirðir Dýrleif Skjöldal Ingimarsdóttir Norðurland Emil Örn Harðarson tæknimál <i>Jóna Margrét Ólafsdóttir fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Garpanefnd Lóla Birna Birgisdóttir formaður Rémi Spilliaert Karl Georg Klein <i>Helga Sigurðardóttir fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Sundknattleiksnefnd: Glenn Moyle formaður Mladen Tepavcevic Þorgeir Karlsson Kristján Guðmundsson <i>Hörður J. Oddfríðarson fulltrúi stjórnar</i></p>	<p>Íþróttamannanefnd: (kjör staðfest í stjórn 18/5 2017) Aron Örn Stefánsson SH Bjartur Þórhallsson Ægi Gunnhildur Björg Baldursdóttir ÍRB Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson Rán Kristinn Þórarinsson Ægi Sævar Berg Sigurðsson ÍA <i>Eva Hannesdóttir fulltrúi stjórnar</i> <i>Hrafnhildur Lúthersdóttir fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Kjörnefnd: Sigurbjörg Róbertsdóttir formaður Hildur Karen Aðalsteinsdóttir Jónas Tryggvason <i>Jón Hjaltason fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Landsliðsnefnd: Magnús Tryggvason formaður Eðvarð Þór Eðvarðsson dró sig í hlé haustið 2018 Ágúst Júlíusson frá sept 2018 Erla Dögg Haraldsdóttir frá sept 2018 Ingi Þór Ágústsson Jacky Jean Pellerin <i>Bjarney Guðbjörnsdóttir fulltrúi stjórnar</i> <i>Ingibjörg Helga Arnardóttir fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Lífsbjörg: Hafþór Guðmundsson Finnbjörn Aðalheiðarson <i>Emil Örn Harðarson fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Mannvirkjanefnd: Jóhannes Benediktsson formaður Trausti Gylfason Sigurbjörg Sævarsson <i>Jón Hjaltason fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Víðavatnssund <i>Helga Sigurðardóttir fulltrúi stjórnar</i></p> <p>Þjálfaranefnd: Klaus Jürgen-Ohk formaður Jacky Jean Pellerin Hafþór Guðmundsson Ragnheiður Runólfsdóttir Steindór Gunnarsson Kjell Wormdal Arna Þórey Sveinbjarnardóttir <i>Bjarney Guðbjörnsdóttir fulltrúi stjórnar</i></p>
--	--

Launaðir starfsmenn SSÍ 2017-2019

Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri

Emil Örn Harðarson mótastjóri

Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari til loka júlí 2018

Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir verkefnastjóri frá 1.október 2018

Mladen Tepavcevic verkefnastjóri frá 1.október 2018

Hlín Ástþórsdóttir bókarari

Hörður J. Oddfríðarson formaður frá 40% starf 1.janúar til 30.september 2018 óreglulegt eftir það

SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSTÍMANN 2017-2019

Inngangur

Stjórn SSÍ starfaði vel og lítill ágreiningur um afgreiðslu mála innan hennar. Stjórnarfolk lagði, eins og gengur, mismikið af mörkum en um virkni stjórnar má lesa í fundargerðum sambandsins.

Það er þannig að nefndir sambandsins eru misvirkar, dómarnefnd, fræðslunefnd, garpanefnd, sundknattleiksnefnd og landsliðsnefnd störfuðu misreglulega á tímabilinu með misformlegum hætti, auk þess sem aga- og siðanefnd var kölluð til þegar SSÍ uppfærði Aga- og siðareglur sínar. Stjórn SSÍ skipaði í nær allar nefndir í upphafi starfstíma. Samt voru sumar þeirra óvirkar, aðrar störfuðu tímabundið, en þær sem að ofan eru taldar voru virkar. Nefndir sambandsins eru skipaðar sjálfboðaliðum frá félögum og alveg spurning hvort við viljum hafa þetta kerfi með sama hætti í framtíðinni. Ný stjórn þarf að hafa það í huga þegar kemur að skipun nefnda að loknu þingi.

Við höfum sett okkur raunhæfa og góða afreksstefnu sem er í stöðugri endurskoðun og framfylgt þeirri stefnu. Í landsliðsnefnd eru reynsluboltar, fyrrverandi landsliðsþjálfari og framkvæmdastjóri SSÍ. Það er ljóst að nefndin skilar okkur markvissu landsliðsstarfi ásamt því að mörg félög eru meðvitaðri um nauðsyn þess að hlúa að afreksstarfinu. Þá má ekki gleyma að við réðum tvo verkefnastjóra til starfa, en þeirra verkefni er að byggja upp til framtíðar. Ein af þeim breytingum sem hafa orðið á starfi sambandsins á undanförunum tveir áratugum er aukin og knýjandi nauðsyn þess að horfa lengra fram í tímann en við höfum gert.

Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu SSÍ. Utanumhald gagna hefur verið í höndum starfsmanna sambandsins, en betur má ef duga skal. Gögn sem safnast upp þarf að koma skipulega fyrir þannig að þau nýtist áfram í starfinu, bæði formleg gögn sem fara milli aðila hreyfingarinnar en ekki síður upplýsingar sem birtast í okkar eigin fjölmiðlum. Við þurfum að halda þessari vinnu áfram og koma verklagi og verkferlum í fastari skorður en verið hefur, þó margt hafi breyst til batnaðar á undanförunum árum.

Dómaramál í sundi eru í föstum skorðum. Stjórn SSÍ leggur mikla áherslu á að viðhalda þekkingu sunddómara á Íslandi. Íslensk sundhreyfing hefur fengið hrós erlendis fyrir virka og góða dómgaeslu á alþjóðlegum mótum hér heima og góða þekkingu þeirra dómara sem hafa farið erlendis á okkar vegum til að sinna dómgaeslu. Á haustdögum fékk SSÍ staðfest að 3 dómarar og 2 ræsar yrðu á nýjasta dómaraalista FINA. Þar með eigum við 10 aðila sem hafa heimild til að dæma og ræsa á alþjóðlegum mótum og geta sótt um að dæma á mótum LEN og FINA. SSÍ sendi dómara út á Smáþjóðaleika 2017, EMU, EM25, EM50 og á EM Garpa í Slóveníu í ágúst auk þess sem þrír íslenskir dómarar voru á Smáþjóðaleikum 2019. Það skiptir okkur miklu máli að hafa þessar stöður mannaðar því bæði Íslandsmeistaramótin auk að minnsta kosti þriggja annarra móta sem rekin eru hér á hverju ári eru alþjóðleg og þarf að framkvæma samkvæmt ítrustu reglum. Það er því stór sparnaður í því að eiga alþjóðlega dómara til að dæma á þessum mótum, að öðrum kosti þyrftum við að fá þá erlendis frá.

Stjórn SSÍ mun hér eftir sem hingað til aðstoða félög við að reyna að fá betri aðstöðu til sundiðkunar í þeirra heimabæjum en ekki hefur lagast aðstaðan hvorki á Ísafirði, Akureyri né Akranesi þar sem vonast var eftir nýjum innisundlaugum í samræmi við yfirlýsingar bæjarfulltrúa á þessum stöðum. SSÍ hefur samstarf við Myrtha pools til að ýta undir og flýta þessari uppbyggingu. Það samstarf er vonandi að aukast nú á vormánuðum.

Íslendingar eru vel kynntir í garpasundi á alþjóðavísu. Á HM garpa í Búdapest árið 2017 var formaður SSÍ við störf sem hluti af garpanefnd FINA og hann var einnig við störf á EM garpa sem fram fór í Slóveníu á síðasta ári. Á báðum þessum mótum kepptu Íslendingar og stóðu sig vel. Við gerum ráð fyrir því að a.m.k. 3 Íslendingar keppi á HM garpa sem fram fer í Suður Kóreu síðars í sumar.

Stjórn SSÍ staðfesti 26 félagaskipti sem er töluverð aukning frá fyrra tímabili og þar að auki skipti heilt sundknattleikslið um félag, samtals 16 einstaklingar.

224 íslensk met voru staðfest á starfstímanum, þar af af 18 Íslandsmet í sundi og 3 landsveitarmet. Það er augljós fækkun frá fyrra tímabili, en eðlileg þar sem við erum í miðjum kynslóðaskiptum í

keppnissundinu. Á móti kemur að 48 aldursflokkamet voru slegin á tímabilinu á móti 39 áður. Þá voru staðfest 155 met í garpaflokkum móti 83 tímabilið á undan.

Við þurfum að huga vel að fjölgun í sundhreyfingunni og finna ráð til að auka iðkun sundíþróttar. Félögum stendur til boða að fá aðstoð frá SSÍ við uppbyggingu, framkvæmdastjóri, verkefnastjórar, mótastjóri, ýmsir úr stjórn SSÍ og fleiri hafa farið í heimsóknir til að segja heimafólki til og styðja við það starf sem í gangi er. Við sjáum aukna þörf á þessu enda er þetta í góðu samræmi við stefnu okkar. FINA fól SSÍ að sjá um þjálfaranámskeið á þeirra vegum, sem var nokkuð umfangsmikið verkefni. SSÍ sá um allt skipulag námskeiðsins, sem auglýst var víða um heim og með því gafst íslenskum þjálfurum gott tækifæri til að bæta við þekkingu sína og færni. Að mati SSÍ gagnast slík símenntun og endurmenntun öllum þjálfurum, bæði þeim sem hafa nýlega tekið til starfa og einnig þeim sem eldri eru. Námskeiðið fór fram í lok janúar 2019 og áformað er að halda FINA Level 3 námskeið hér á landi í september 2019. Samkvæmt stefnu SSÍ þurfa allir þeir sem þjálfar sund á Íslandi að hafa lokið grunnþjálfaranámskeiði ÍSÍ og sérgreinahluta SSÍ. Við munum gera kröfu um að þjálfarar uppfylli þetta inna tveggja ára.

Stjórn SSÍ

Stjórn SSÍ hélt 23 fundi á tímabilinu en hittist þess utan í smærri hópum til að vinna að einstökum málefnum. Samskipti voru einnig nokkur utan funda meðal annars með rafpósti og í óformlegu samstarfi um einstök verkefni. Stjórnin samanstendur af 9 aðalmönnum og 2 til vara.

Í kjölfar sundþings 2017 skipti stjórnin með sér verkum, Jón Hjaltason er varaformaður, Björn Sigurðsson er gjaldkeri og Jóna Margrét Ólafsdóttir var valin ritari. Jóna Margrét lét af störfum af persónulegum ástæðum í september og voru ritarastörfin í höndum formanns eftir það. Framkvæmdaráð var skipað formanni, framkvæmdastjóra og mótastjóra, auk þess sem varaformaður og gjaldkeri komu óreglulega að því starfi einnig.

Eins og áður segir fór Jóna Margrét út úr stjórninni strax á fyrsta ári og það gerði einnig Margrét Gauja vegna anna í vinnu sinni. Eva Hannesdóttir varamaður gat lítið sinnt stjórnarstörfum sökum vinnu og náms og Helga Sigurðardóttir var töluvert frá vegna veikinda síðasta hluta tímabilsins. Stjórn SSÍ kallaði því Júlíu Þorvaldsdóttur til starfa núna síðasta misserið.

Á þessu sundþingi ganga fjórir aðalstjórnarmenn úr stjórn auk tveggja varamanna. Þá lýsti formaður SSÍ því yfir um mitt síðasta ár að hann myndi stíga til hliðar sem formaður á þessu sundþingi. Úr aðalstjórn ganga þau Hörður J. Oddfríðarson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir meðstjórnendur auk þeirra sem hættu á tímabilinu og úr varastjórn ganga þær Eva Hannesdóttir og Helga Sigurðardóttir. Fyrir þinginu liggur tillaga kjörnefndar um stjórnaruppstillingu.

Eins og áður segir tók formaður SSÍ ákvörðun um að hætta því starfi frá og með þessu sundþingi eftir 19 ára stjórnarsetu þar af þrjú ár sem varaformaður og 13 ár sem formaður. Sú ákvörðun er gerð í góðu samkomulagi við starfsfólk SSÍ og annað stjórnarfólk. Það er hreyfingu eins og okkar ekki hollt að sami einstaklingur sitji langdvölum í sama embætti, hversu vel sem gengur. Þrátt fyrir að stöðugleiki sé nauðsynlegur í starfi SSÍ er einnig nauðsynlegt að fríska upp á starfið, starfsaðferðirnar og hugmyndafræðina með reglubundnum hætti. Fráfarandi formaður óskaði eftir því við kjörstjórn að vera hluti af tillögum þeirra um meðstjórnendur í tvö ár til að tryggja eðlilega yfirfærslu þekkingar, tengsla og reynslu. Þetta var gert í samráði við viðtakandi formann.

Skrifstofa SSÍ

Ingibjörg Helga Arnardóttir er í fullu starfi sem framkvæmdastjóri. Emil Örn Harðarson er í fullu starfi sem móta- og miðunarstjóri en hann sér m.a. um heimasíðu sambandsins. Jacky Pellerin lauk störfum sem landsliðsþjálfari með fast starfshlutfall 31.júlí 2017. Formaður SSÍ hefur einnig verið í hlutastarfi hjá sambandinu síðan 1.janúar 2018, fyrst fast í 40% starfi til 30.september 2018 en síðan í minna starfshlutfalli með óreglulega viðveru. Þá voru þau Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir og Mladen Tepavcevic ráðin sem verkefnastjórar í október 2018. Gerður var samningur við þau þar sem starfshlutfallið er lágt fyrstu mánuðina en eykst svo þegar á líður. Þeirra verkefni eru að skipuleggja og ýta undir uppbyggingu til framtíðar í sundi ásamt því að fylgjast með því sem er að gerast í dag. Hlín Ástþórsdóttir hefur um árabíl fært bókhald sambandsins og heldur því starfi áfram, en töluverðar breytingar eru að verða í tengslum við nýjan Afrekssjóð ÍSÍ, en SSÍ hefur einnig tekið yfir greiðslu launa og þ.h. en ÍSÍ sá um þann þátt áður.

Tækjabúnaður SSÍ er að úreldist og áfram er nauðsynlegt að huga að endurnýjun. Heimasíða SSÍ er orðin 5 ára gömul og tími til kominn að huga að breytingum og að hanna nýja heimasíðu með notendavænna viðmóti.

Rekstur og afkoma

Reikningar Sundsambands Íslands liggja fyrir og fylgja skýrslunni í sérkafla. Fjárhagsleg afkoma er góð og sambandið er rekið í fjárhagslegu jafnvægi á hverju ári. Sum ár eru auðvitað kostnaðarsamari en önnur, t.d. hafa Ólympíuár yfirleitt verið ferkar dýr, en þetta hefur jafnast mikið síðastliðin 10 ár, þar sem Smáþjóðaleikar, Heims- og evrópumeistaramót eru annað hvert ár. Við höfum loksins náð þeim áfanga á síðastliðnum tveimur árum að sundfólkið hefur ekki þurft að greiða með sér þegar það tekur þátt í afreksverkefnum sem tengjast HM, EM, ÓL og nú síðast Smáþjóðaleikum. Þá hafa unglíngaverkefnið einnig verið fjármögnuð að fullu án þess að sundfólkið hafi lagt þar til fé á móti. Þannig höfum við náð áföngum í að uppfylla metnaðarfulla stefnu okkar. Nýr Afrekssjóður hjálpar mikið, en hafa verður í huga að sambandið þarf að koma með eigið styrktarféa á móti sjóðnum í fjármögnun afreksstarfs og uppbyggingu, til þess að eiga möguleika á að fá allt að 1/3 styrksins.

Góð fjárhagsleg afkoma er grundvöllur þess að áætlanir okkar gangi upp, þ.e. að við náum að byggja upp öflugan afreks hóp með einstaklingum sem eiga þá von um úrslitasund og verðlaun á stórmótum.

Speedo er ennþá aðalstuðningsaðili okkar, en þar að auki erum við með styrktarsamning við Myrtha Pools. Ekki tókst á ljúka samningum sem voru í burðarliðnum á síðasta sundþingi, þar sem við vonuðumst til að ná saman nokkrum fyrirtækjum til að standa undir afmörkuðum þáttum starfseminnar. Vonandi getum við hrint einhverju slíku í framkvæmd á nýju tímabili.

Samskipti milli SSÍ, Menntamálaráðuneytisins, Fjármálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um Sundíþróttamiðstöð Íslands og þjóðarleikvang í sundíþróttum eru ennþá í gangi. Þó allir aðilar hafa verið jákvæðir og vonir hafi staðið til að stofnun Sundíþróttamiðstöðvarinnar væri að baki, þá höldum við áfram á sömu braut með það að markmiði að niðurstaðan verði sterkari umgjörð um sundíþróttir á Íslandi og aukin opinber framlög í uppbyggingu og útbreiðslu sundíþróttar.

Markmið okkar er enn sem fyrr að framlag frá Alþingi, Lottótekjur og þjónustugjöld ásamt hluta útbreiðslustyrks standi undir launagreiðslum og rekstri skrifstofu sambandsins og þjónustu við félög og deildir. Styrkir vegna landsliða hafa fyrst og fremst komið frá Afreksjóði ÍSÍ og Speedo á Íslandi.

Landsliðsstarf

Landsliðsnefnd hefur lagt mikla áherslu á vönduð vinnubrögð og skýra stefnu varðandi lágmark og annað sem tengist verkefnum nefndarinnar. Sundsambandið gefur út í upphafi hvers keppnistímabils bækling sem kallast „SSÍ lágmark og viðmið“. Þar er farið yfir verkefni komandi tímabils og útskýrð lágmark og skilgreiningar á þáttöku, lágmarkatímabil ofl. Hefur þetta mælst mjög vel fyrir. Nefndarmenn telja gríðarlega mikilvægt að Sundsambandið setji markið hátt og við teljum að með tiltölulega ströngum lágmarkum aukum við gæði og getu sundfólksins.

Tveir verkefnastjórar voru ráðnir til SSÍ í kjölfarið á því að Jacky Pellerin lauk störfum sem landsliðsþjálfari, þau Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir og Mladen Tepavcevic.

Árangur sundfólks á síðustu tveim árum sýnir að kynslóðaskipting er að eiga stað í íslensku sundlífi. Við bindum miklar vonir við sundfólkið sem er að stíga upp úr unglíngastarfinu nú og á næstu misserum, við sjáum að skipulegri uppbygging í yngri hópnum þarf að eiga sér stað, en við megum aldrei gleyma þeim sem eru í framlínunni á hverjum tíma, hlú að þeim og gæta þess að aðstæður þeirra séu eins og best verður á kosið.

Stefna SSÍ

Uppfærð stefna SSÍ var samþykkt á síðasta sundþingi ásamt sérstakri afreksstefnu og liggur hvorutveggja fyrir sundþingi nú í yfirfarinni útgáfu. Að þessu sinni gáfum við öllum í hreyfingunni kost á að koma með tillögur og athugasemdir við stefnuna og settum upp þrjá fundi til að gefa sem flestum tækifæri til að koma að þessari vinnu. Ekki voru margir sem tóku þátt, en skilaboðin sem við fengum voru þau að litlu væri við að bæta þar sem okkur hefði tekist vel á undanförunum árum að þróa bæði almenna stefnu og afreksstefnu sem stæðust báðar tímans tönn nokkuð vel. Það er því með gleði sem við leggjum nýjar stefnur fram til staðfestingar á þessu Sundþingi þar sem þær uppfylla báðar væntingar sundhreyfingarinnar og Afreksviðs ÍSÍ.

Stefnur sem þessar eiga að vera í sífelltri endurskoðun, eiga að vera lifandi og breytilegar eftir aðstæðum en þær eru grundvöllur þess að við getum fengið styrki úr Afreksjóði ÍSÍ.

Stefnumótun SSÍ er ekki eingöngu til gagnvart afreksfólkinu okkar og þess vegna er hún útfærð fyrir aðrar sundíþróttir og almenning. Við þrúfum að komast í samstarf við sveitastjórnir og ráðuneyti íþróttar til að herða upp á þeirri sjálfssögðu kröfu að allir Íslendingar eigi að kunna að synda og ekki síður að sundlaugamannvirki verði byggð upp sem víðast með hagkvæmum hætti.

Sundíþróttir fyrir alla

Iðkenndatölur SSÍ eru á reiki, en einhver fjölgun er nú samt. Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar, Felix, hefur ekki staðið undir væntingum. Það er okkur í SSÍ mjög mikilvægt að allir sem á einhvern hátt iðka sundíþróttir innan okkar raða séu skráðir rétt. Það verður eitt af stóru verkefnum nýrrar stjórnar SSÍ að koma skikki á þau mál. Við þurfum að finna leið til að ná til fleiri einstaklinga, til að fjölga iðkendum í sundíþróttum. Reynt hefur verið að auka iðkun í sundknattleik og það hefur gengið vel undir góðri forystu Glenn Moyle og Mladens Tepavecvic og félaga þeirra í Sundknattleiksdeild Ármanns og Sundfélagi Hafnarfjarðar. Nauðsynlegt er að ná betra samstarfi við sundkennara til að kynna sundknattleik og keppnissund, sem er annað stórt verkefni fyrir nýja stjórn að takast á við.

Víðavatnssund er sú sundíþrótt sem hefur notið mikilla vinsælda hin síðari ár og er stöðugt að bæta við sig meðal almennings. Aukinn opnunartími í Nauthólsvík hefur þar átt stóran þátt.

Garpastarfið hefur heldur staðnað og nauðsynlegt að ná samstarfi við Þríþrautasamband Íslands um sameiginlega skráningu árangurs. Nokkrir garpar hafa komið til keppni bæði á EM og HM garpa. Það hefur verið einstaklega skemmtilegt og vekur athygli á okkur sem sundíþróttahjóð.

Keppni í dýfingum eða samhæfðri sundfimi fór ekki fram á tímabilinu, en í vetur komumst við í samband við tvær íslenskar stúlkur sem búa í Japan. Þær munu keppa fyrir Íslands hönd í samhæfðri sundfimi á þessu ári og vonandi oftár.

SSÍ hefur staðið fyrir grunnskólasundmóti mörg undanfarin vor. Útfærsla þessara skólasundmóta er á tímamótum, því okkur er nauðsynlegt að ná þessari keppni um allt land, því í þessum mótum liggur lífæð okkar og möguleiki á að ná fleiri iðkendum. Vinnan við þessu skólasundmót hefur að mestu verið á herðum starfsfólks SSÍ, sérstaklega Ingibjargar Helgu framkvæmdastjóra sem hefur verið óþreytandi að þróa þessi mót og stækka. Þessi mót hafa vaxið með miklum hraða, en 640 þátttakendur voru árið 2019 á móti 590 árið á undan sem þó var metár. Við þurfum núna á næstu árum að koma af stað landshlutakeppni þannig að skólafólk af öllu landinu eigi kost á að vera með.

Lög og reglur

Á þessu þingi liggja fyrir nokkar lagabreytingatillögur og einnig tillaga um þingið staðfesti breytingar stjórnar SSÍ á reglugerðum SSÍ. Að auki er lagt upp með tillögu um Íslandsmótaröð félagsliða.

Öll lyfjapróf sem tekin voru af íslensku sundfólki á liðnu starfstímabili reyndust neikvæð, þ.e. allir stóðust prófin. Það er sundhreyfingunni mikils virði að teljast til þeirra íþróttagreina þar sem lyf og sterar koma ekki við sögu. Áfram vörum við við notkun fæðubótarefna meðan innihaldslýsingum er ábótavant og ekki fullkomin rök fyrir neyslu aukaefna. Neysla fæðubótarefna, vítamína og orkudrykkja er ávallt á ábyrgð þeirra sem neyta.

Mótahald SSÍ

Mótahald SSÍ hefur verið í föstum skorðum og framkvæmd móta hjá SSÍ tókst vel og er vert að þakka þeim félögum sem tóku að sér framkvæmd móta.

Uppskeruhátíð SSÍ er orðin fastur liður í starfinu að loknu ÍM 25 þar sem sundfólk fær viðurkenningar fyrir síðasta sundár. Hátíðin er ávallt áfengislaus og er öllum til sóma.

Íslandsmót var haldið í Víðavatnssundi í samstarfi við Hið íslenska kaldavatnsfélag bæði árin og tókst vel, þátttaka hefði þó mátt vera meiri.

Garpastarfið er í föstum skorðum og fleiri félög farin að gera ráð fyrir keppni garpa. Þríþrautin heldur áfram að dafna og er mikil fjölgun í þeirri íþrótt sem styður við garpastarfið.

Sundknattleik er hægt og sígandi að vaxa fiskur um hrygg, Íslandsmótið er komið á fastan stað í byrjun maí og mikill metnaður er í þeim sem stunda greinina, en þeir hafa komist í samband við erlenda klúbba sem vilja koma hingað til keppni. Stjórn SSÍ mun að líkindum koma að frekari uppbyggingu sundknattleiks í náinni framtíð.

Erlent samstarf

Norðurlandþjóðirnar hafa staðið þétt saman og stutt hverjar aðra innan LEN og FINA. Örlítill snuðra hljóp á þráðinn í norræna samstarfinu á árinu 2018, en það leystist farsællega og við vonum að þessi þétti hópur sem norrænu þjóðirnar eru haldi áfram að vera sýnilegur og virkur innan LEN og FINA. Þórunn Kristín Guðmundsdóttir er meðlimur í sundtækninefnd LEN og Hörður J. Oddfríðarson fráfarandi formaður SSÍ er nú varaformaður garpanefndar LEN og meðlimur í garpanefnd FINA.

Það er okkur mjög mikilvægt að halda okkar góða orðspori sem við höfum í alþjóðlegu samstarfi og alþjóðlegir dómarafrá Íslandi hafa svo sannarlega lagt inn á þann reikning með fagmennsku sinni og hógverð.

#metoo, fjölmiðlar og samskipti

Haustið 2017 kom fram sundkona í fjölmiðlum og sagði frá broti þjálfar gegn sér árin 2007 og 2008 og upplifun sína á því hvernig mál voru leyst á þeim tíma og síðar. Þetta var þegar konur komu fram í lokuðum hópum og deildu sögum sínum og reynslu. Sundhreyfingin og reyndar íþróttahreyfingin öll stóð frammi fyrir því að ýmiskonar ofbeldi og misbeiting hefur liðist innan hennar raða. Stjórn SSÍ tók strax upp hanskann fyrir íþróttakonuna sem kom fram og formaður SSÍ sendi ítrekun á þeim tilkynningum sem sendar höfðu verið um viðkomandi þjálfara til LEN og FINA, auk þess sem sá vinnustaður hans sem við vissum síðast um fékk tilkynningu einnig. Þá kölluðum við til Aga- og síðanefndar og fleiri úr hreyfingunni til að fara yfir Aga- og síðareglur SSÍ og til að setja saman leiðarvísir um hvert væri hægt að leita, til þeirra sem töldu á sér brotið. Við þessa vinnu fengum við ómetanlega hjúp frá starfsfólki í Bjarkarhlíð. Út úr þessu ferli komu svo betur útfærðar Aga- og síðareglur SSÍ þar sem annars vegar Aga- og síðanefnd er gerð sjálfsstæðari og viðurlög voru skilgreind. Þetta birtum við ásamt leiðarvísinum undir hnappi framarlega á heimasíðu SSÍ undir merkinu #HÖFUMHÁTT. Við sendum einnig afrakstur okkar vinnu til allra annarra sérsambanda ÍSÍ, héraðssambanda og íþróttabandalaga auk ÍSÍ með þeim skilaboðum að þetta mætti nota eftir þörfum, því það var engin ástæða til þess að finna hjólið upp margsinis.

Á undanförunum árum höfum við reynt að streyma á netinu mótum sambandsins. Þetta hefur gefið ágæta raun og er mun hagkvæmara en að kaupa sjónvarpsútsendingu, sem hvort er væri eingöngu einn hluti. Svona streymisveita er eitthvað sem SSÍ getur nýtt sér enn á betur. Við tókum þá ákvörðun að taka upp og setja á vefinn öll sund sem Íslendingar syntu á Smáþjóðaleikumum í Svartfjallalandi og að auki höfum við fylgt sundfólkinu okkar á EM og HM og tekið viðtöl eftir þeirra greinar. Þessi viðtöl hefur RÚV nýtt sér. Með þessu móti höfum við náð einhverri umfjöllun í sjónvarpi og víðar, en það er grátlegt hversu illa er búíð að íþróttadeildum fjölmiðla á Íslandi. Sundsambandið á tæki til þess þa gera þetta og það er mikilvægt að hreyfingin og aðstandendur sundfólksins okkar geti treyst því að fá þessar fréttir og upplýsingar.

Mjög margir innan hreyfingarinnar hafa skoðun á því hvar, hvenær og hvernig fréttir af íslensku sundfólki eru framsettar. Það skýtur því skökku við að á sama tíma gefur enginn sig fram til að sinna hlutverki fjölmiðlafulltrúa á mótum sambandsins. Það sama virðist vera uppi á félagsmótum. Móta- og miðlunarstjóri SSÍ er ábyrgur fyrir að senda út tilkynningar um mót til fjölmiðla, en það verður að hafa í huga að oftar en ekki þarf hann svo að sinna tæknivinnu í í tækniherbergi meðan á móti stendur og er því ekki í aðstöðu til að senda fréttir og tilkynningar til fjölmiðla fyrir en eftir á.

Samskipti við félögin hafa verið með ágætum þetta starfstímabil. SSÍ hefur lagt til fræðslu og leiðbeiningu til minni félaga úti á landi, en þjálfarar, mótastjóri, fulltrúar fræðslunefndar og fleiri innan SSÍ hafa sinnt því.

Langflestir þeirra sem eru að störfum innan íþróttahreyfingarinnar eru í sjálfböðavinnu og eyða miklum tíma í þágu íþróttanna. Það reynist æ erfiðara að fá fólk til starfa í íþróttahreyfingunni, sem er kannski skiljanlegt, þar sem fólk greiðir oftar en ekki með sér á ýmsan hátt. Þá er slúður og kjaftagangur viðloðandi hreyfinguna oft í neikvæðasta skilningi og fólk ekki tilbúið að leggja sjálft sig undir í slíku. Þessu þurfum við að breyta því við þurfum á sjálfböðaliðum að halda til að ná saman í þeim verkefnum sem fyrir liggja.

Að lokum

Í sundhreyfingunni er fjöldi fólks tilbúið að leggja á sig ómælda vinnu til að sundfólkið okkar geti stundað íþrótt sína af fullum krafti. Alla jafnan er sjálfböðaliðastarfið skemmtilegt og gefandi, en stundum kemur upp misskilningur og leiðindi sem nánast alltaf má rekja til þess að fólk hefur ekki réttar upplýsingar eða hefur ekki leitað þeirra hjá þeim sem þær hafa. Ég hvet alla sem vinna að sundi á Íslandi að gæta að náunga sínum, hvort sem sá er í sama félagi eða ekki, því við erum öll mannleg og misjöfn. Við skulum áfram hafa það að leiðarljósi að vera góð hvort við annað. Við erum öll að vinna að sama marki. Mannauðurinn sem hreyfingin býr að er fjársjóður sem við þurfum að gæta að til að það skili sér í öflugri og sístækkandi sundíþróttahreyfingu á Íslandi.

Fyrir hönd SSÍ þakka ég öllum sem hafa lagt hönd á plóg á undanförunum árum, hvort sem um er að ræða dómgæslu, tæknivinnu, verðlaunaveitingar, umferðarstýringar, veitingasölu, fararstjórn, foreldri eða hvað sem er annað sem hefur orðið til þess að betri árangur hefur náðst. Þá þakka ég stjórnarfólki og starfsfólki SSÍ, nefndarfólki, þjálfurum, sjúkrapjálfurum, fararstjórum og öðrum þeim sem hafa með beinum hætti komið að starfi SSÍ á undanförunum árum kærlega fyrir samstarfið. Hlín Ástþórsdóttir fyrrum varaformaður SSÍ, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri SSÍ og Jacky Pellerin fyrrum landsliðsþjálfari eru þrjú þeirra sem ég hef fengið að vinna hvað lengst og mest með á minni formannstíð. Þau eiga sérstakan stað í huga mér. Sundfólkinu öllu þakka ég einnig sérstaklega, það er fátt meira þroskandi og gefandi en að fá að fylgjast með einstaklingum byggja sig upp og undirbúa sig

að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Þetta hefur verið gefandi tími og skemmtilegur og mikill heiður að fá að vera í forsvari fyrir hreyfinguna á undanförunum 13 árum.

Íþróttir ganga út á samkeppni og samstarf. Við erum hreyfing sem telur 7 viðurkenndar íþróttagreinar, þar af 5 Ólympíugreinar. Við eigum ónýtta möguleika til að verða fyrirferðameiri og stærri, þannig að þeir sem stunda þessar íþróttagreinar fái möguleika á að takast á við sundíþróttafólk á alþjóðlegum vettvangi. En fyrst þurfum við að vinna heimavinnuna okkar.

Fh stjórnar Sundsambands Íslands
Hörður J. Oddfríðarson
formaður SSÍ

Skýrslur nefnda starfsárin 2017 til 2019

AGA OG SIÐANEFND SSÍ 2017-2019

Aga og siðanefnd SSÍ 2017-2019 skipa þau; Ásdís Ó Vatnsdal formaður, Helga Sigurðardóttir, Jónas Tryggvason, Jóna Margrét Ólafsdóttir fulltrúi stjórnar

Engin mál komu til umfjöllunar í nefndinni þennan starfstíma. Nefndin tók virkan þátt í að uppfæra Aga- og Siðareglur SSÍ í upphafi árs 2018.

FRÆÐSLUNEFND SSÍ 2017-2019

Fræðslunefnd Sundsambandsins var sett saman í þeirri von að hægt væri að blása lífi í fræðslustarf sambandsins og reyna að setja hana saman með þeim hætti að sem flestir landshlutar ættu sinn málsvara í nefndinni. Það tókst því nefndina skipar einvala lið fólks sem hefur í gegnum tíðina látið sér annt um sundíþróttina og lagt sitt lóð á vogarskálarnar til að hún hafi getað dafnað. Þetta eru þau Bjarney Guðbjörnsdóttir, fulltrúi Vesturlands og núverandi fulltrúi stjórnar, Benedikt Sigurðsson fulltrúi Vestfjarða, Dýrleif Skjöldal fulltrúi Norðurlands, Salóme Rut Harðardóttir fulltrúi Austurlands og svo undirrituð sem var í upphafi fulltrúi stjórnar SSÍ en eftir að hún gekk úr stjórn hefur hún sinnt formennsku í nefndinni. Ingi Þór Einarsson óskaði eftir því að vera óvirkur meðlimur nefndarinnar en hann hefur síður en svo verið óvirkur og hefur hann tekið að sér að vera sérlegur ráðgjafi hennar frá upphafi og hefur nefndin nýtt sér það óspart enda Ingi Þór hafsjór upplýsinga þegar kemur að sundi. Það var svo í marsmánuði að Magnús Már Jakobsson bættist við nefndina enda hefur hann mikla reynslu af sundinu bæði sem sundmaður og þjálfari en ekki síður sem mikill áhugamaður um sundíþróttina og velferð hennar. Nefndin hefur "hisst" í gegnum forritið Skype þegar þurft hefur eða erindi hafa borist henni.

Formaður nefndarinnar hefur séð um að boða fundi, skrá fundargerðir og sent þær til skrifstofu SSÍ ásamt því að halda utan um starf nefndarinnar.

Ýmislegt hefur verið gert á þessum tveimur árum. Í upphafi var nefndinni falið að kanna menntun sundþjálfara á landinu. Send var út könnun til allra félaga og var svörunum safnað saman og fékk nefndin Inga Þór Ágústsson til þess að fara yfir niðurstöðurnar í samvinnu við ÍSÍ og meta þá menntun sem þjálfarar hafa inn í stig hreyfingarinnar. Þetta var mikil vinna og erfitt að fá svör frá fólki og er það alveg ljóst að halda verður vel utan um þessi mál og þjálfarar að vera duglegir að senda inn viðbótarmenntun til sambandsins svo hægt sé hafa yfirsýn yfir málaflökkinn. Í framhaldi af þessu setti nefndin upp tillögu til stjórnar um hvernig þjálfaramenntun sambandsins gæti farið fram og hefur verið reynt að fylgja því eftir eins og kostur er í samvinnu við starfsfólk skrifstofu. Þjálfaranámskeið á vegum FINA hefur einnig verið haldið hér en nefndin hafði lítil sem engin afskipti af því, var þó skrifstofu innan handar til skrafs og ráðagerðar.

Nefndin hefur staðið fyrir nokkrum fræðslufundum ár tímabilinu:

14. október 2017 var Agnes Þóra Guðmundsdóttir íþróttanæringarfræðingur með fræðslu sem bar heitið *Sund og næring* fór fram í söllum ÍSÍ. Nokkuð góð mæting var á þann fyrirlestur og gerði nefndin könnun í lok hans hjá þeim sem mættu þess efnis hvað sundmenn vildu fá fræðslu um. Þar kom nokkuð skýrt fram að fræðsla um svefn, markmiðssetningu og styrktaræfingar bar hæst.

29. janúar 2018 var Hulda Bjarkar með fyrirlestur sem nefnist *Hugrenir þættir íþróttar*. Þar fjallaði hún um markmiðasetningu, það hvernig sundmenn geta sett sér markmið í íþrótt sinni til að ná sem mestum árangri og hvernig þau geta í gegnum markmiðin tekið sigrum og ósigrum. Hún var með sálfræðilega nálgun á það hvað er hægt að gera þegar markmið nást ekki og hvað er hægt að gera til að þau náist. Hún fjallaði einnig um það hvaða þættir það eru í lífi sundmanna hafa áhrif á að þeir nái markmiðum sínum. Fyrirlesturinn var mjög vel sóttur og miklar og góðar umræður urðu á honum milli Huldu og þeirra sem á hlýddu.

14. apríl 2018 stóð nefndin í samvinnu við skrifstofu SSÍ fyrir endurmenntunardegi fyrir Íþrótt- og heilsufræðinga. Góða þáttaka var á deginum eða um 37 manns. Þar fluttu erindi þau Dýrleif Skjöldal, Ingi Þór Einarsson, Mladen Tepavcevic og Hulda Bjarkar. Efnistökin voru margvísleg en Dýrleif fjallaði um *Nálgun sundkennslu í gegnum leik og hvernig hægt er að vinna með yngstu nemendurna*. Ingi Þór fjallaði um *Sérkennslu- og kennslu fatlaðra nemenda í sundi*, Mladen fjallaði um *Sundknattleik í sundkennslu* og Hulda fjallaði um *Vatnshræðslu og hvað hægt væri að gera*. Miklar umræður urðu og samtalið á milli sérfræðinganna og þátttakenda gagnlegt og gott fyrir alla aðila. Bjarney Guðbjörnsdóttir og formaður nefndarinnar sátu viðburðinn. Íþróttakennarar óskuðu eftir því að svona dagur yrði haldinn norðan heiða og varð nefndin við því. 17. nóvember 2018 var svo leikurinn endurtekinn á Akureyri í samvinnu við Sundfélagið Óðinn sem aðstoðaði nefndina við húsnæði og fleira.

Í þeirri sömu ferð héldu formaður nefndarinnar og sundmaðurinn Kristinn Þórarinsson úr Fjölni fyrirlestur fyrir sundmenn og foreldra í Sundfélaginu Óðni. Fyrirlesturinn bar heitið *Hvað merkir það að vera sundforeldri?* Þar fóru þau mæðgin yfir hlutverk hvors um sig og ræddu á opinskáan hátt hvernig þau upplifa það að fara í gegnum sund- feril Kristins á ólíkan hátt, hvað hvort um sig þarf að huga að og hvaða hlutverki þau gegna í þessu sambandi. Ágætis mæting var á fyrirlesturinn og var ýmislegt rætt í tengslum við efnið. Þennan sama fyrirlestur höfðu þau haldið fyrir foreldra í Sunddeild Fjölnis um haustið við góðan orðstýr.

Í upphafi ársins 2018 hafði formaður SSÍ samband við nefndina og óskaði eftir umfjöllun hennar í sambandi við vinnu sambandsins í kjölfar #metoo - byltingarinnar. Formaður nefndarinnar tók einnig sæti í vinnuhópi samsbandsins sem vann að yfirlestri og yfirferð á reglum og lögum sambandsins sem taka á slíkum málum.

Innlegg nefndarinnar varð hluti af þeirri niðurstöðu og verkferlum sem send var út til félaga í kjölfarið.

Nefndin hefur í samvinnu við skrifstofu SSÍ unnið með félögum utan höfuðborga- svæðisins við þróun og eflingu sundíþróttá á þeim svæðum sem þess hafa óskað. Nefndin gerði samantekt á því og sendi skrifstofu sínar tillögur að því hvernig ferlar fyrir svona mál þyrftu að vera og var unnið með þær áfram í stjórn og á skrifstofu sambandsins. Formaður nefndarinnar hefur einnig verið í samtali við forsvarsmenn íþróttafélaga á Austurlandi og verið þeim innan handar við uppbyggingu á svæðinu.

Nefndin hefur lagt til við stjórn og skrifstofu SSÍ að halda námskeið fyrir foreldra og er sú vinna í gangi en ekkert í hendi ennþá. Það er von nefndarinnar að hún geti haldið áfram því öflugra starfi sem hún er komin af stað með í samstarfi við framkvæmda- stjóra sambandsins og að fleiri námskeið og aukin fræðsla verði eitthvað sem þyki ekki frétt næmt heldur eðlilegt í starfi sambandsins.

Ingibjörg Kristinsdóttir formaður fræðslunefndar

DÓMARANEFND SSÍ 2017-2019

Í dómaranefnd SSÍ árið 2017 – 2019 störfuðu:

Viktória Gísladóttir formaður

Björn Valdimarsson varaformaður

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir ritari

Sigurður Óli Guðmundsson sér um sundreglur og utanumhald skráningu starfa dómara

Hilmar Theódór Björgvinsson frá ÍRB

Lilja Ósk Björnsdóttir

Bryndís Sigurðardóttir

Sigurþór Sævarsson skipaður í nefndina í jánúar 2018

Hilmar Örn Jónasson fulltrúi stjórnar SSÍ

Helstu verkefni nefndarinnar:

Á árunum 2017 og 2018 voru haldnir 20 nefndarfundir. Listi um starfandi dómara er reglulega yfirfarin og uppfærður hjá dómaranefnd. Þegar nemandi hafa safnað viðeigandi punkta fjölda eru þeir uppfærðir í almanna dómara og birt á heimasíðu SSÍ. Dómaranefnd heldur utan um innsendar skýrslur um störf dómara á sundmótum.

Breytingar urðu á sundreglum sem tóku gildi í september 2017 og gilda til september 2021. Reglurnar voru þýddar á íslensku og samþykktar af SSÍ og sendar til allra dómara. Útbúin voru ný gögn sem notuð eru á sundmótum og eru þau merkt „SSÍ 2017 – 2021“.

Meistaramót og stórmót innanlands.

2017:

RIG í Laugardalslaug, Reykjavík 27. – 29. janúar.

Gullmót KR í Laugardalslaug, Reykjavík 10. – 12. febrúar.

Ásvallamót SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 18. – 19. mars.

ÍM 50 í Laugardalslaug, Reykjavík 7. – 9. apríl.



Nokkrir dómamarar ÍM 50 í Laugardalslaug.

IMOC í Ásvallalaug, Hafnarfirði 5. – 6. maí.

AMÍ í Laugardalslaug, Reykjavík 22. – 25. júní

ÍM í víðavatnssundi, Nauthólsvík, Reykjavík 12. júlí

Bikarkeppni í Vatnaveröld, Reykjanesbæ 29. – 30. september

ÍM 25 í Laugardalslaug, Reykjavík 17. – 19. nóvember

NM í Laugardalslaug, Reykjavík 1. – 3. Desember



Nokkrir dómamarar NM í Laugardalslaug, desember 2017.

2018:

RIG í Laugardalslaug, Reykjavík 26. – 28. janúar

Gullmót KR í Laugardalslaug, Reykjavík 9. – 11. febrúar

Ásvallamót SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 7. – 8. apríl

ÍM/ÍF 50 í Laugardalslaug, Reykjavík 20. – 22. Apríl



Nokkrir dómamarar ÍM/ÍF 50 í Laugardalslaug.

IMOC í Ásvallalaug, Hafnarfirði 4. – 5. maí
 AMÍ á Akureyri 21. – 24. Júní
 ÍM í víðavatnssundi Nauthólsvík, Reykjavík 25. Júlí
 Bikarkeppni í Kópavogslaug, 5. – 6. október
 ÍM/ÍF 25 í Ásvallalaug, Hafnarfirði 9. – 11. Nóvember



Nokkrir dómara ÍM/ÍF 52 í Ásvallalaug.

Verkefni erlendis:
2017:

LEN sunddómara ráðstefna í Belfast, Norður Írlandi 10. – 12. nóvember 2017
Sigurður Óli Guðmundsson, SH.
 EM 25 í Kaupmannahöfn, Danmörku 13. – 17. desember 2017
Björn Valdimarsson Fjöltnir, Haraldur Hreggviðsson ÍRB.



Dómara á EM 25 í Kaupmannahöfn, desember 2017

2018:

Aldurmeistarmót í Færeyjum 10. – 12. maí 2018
Ásmundur Jónsson SH/Fjörður, Viktoría Gísladóttir Breiðablik



Dómara á Aldurflokkamóti í Klaksvík, Færeyjum í maí 2018.

EMU í Helsinki, Finnlandi 26. Júní – 1. júlí 2018

Viktória Gísladóttir Breiðablik

EM 50 í Glasgow, Englandi 3. – 9. ágúst 2018

Sigurður Óli Guðmundsson SH, Þórunn Kristín Guðmundsdóttir LEN official.



Þórunn og Sigurður Óli á EM 50 í Glasgow ágúst 2018.

EM 50 Garpa í Kranj, Sloveniu 2. – 7. september 2018

Sigurþór Sævarsson ÍRB, Viktória Gísladóttir Breiðablik.



EM Garpa, formaður SSÍ, keppendur, fararstjóri og dómara.

Dómaranámskeið:

Haldin voru 8 námskeið 2017 – 2019 fyrir almenna dómara.

Námskeiðin voru haldin í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Sauðárkróki og Eskifirði.

Leiðbeinendur á námskeiðunum voru Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Viktória Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Hilmar Örn Jónasson, Sigurþór Sævarsson.

Yfirdómaranámskeið hófst haustið 2017 og útskrifuðust 3 nemar á ÍM 25 í nóvember 2018.

Leiðbeinendur voru Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason.

Erfiðara er að fá fólk til þess að sækja dómaranámskeið á vorin. Ekki hefur verið hægt að halda námskeið vegna þátttökuleysis.

Nefndin hefur talið best að sömu leiðbeinendur kenni á dómaranámskeiðum til að gæta samræmis á námskeiðum.

Endurmenntun:

Sigurður Óli Guðmundsson hélt kynningu í kjölfar 4 LEN Swimming Officials Seminar sem hann sat í Belfast, Norður Írlandi þann 10 – 12 nóvember 2017. Kynningunna var hann með á NM þann 3. desember 2017.

Yfirdómarafundur var haldin í október 2018. Markmið fundarins var að samræma störf yfirdómara á mótum. Stefnt er að því að halda slíka fundi í upphafi sundárs ár hvert.

Björn Valdimarsson og Viktória Gísladóttir voru leiðbeinendur á fundinum.

Alþjóðlegir dómarar SSÍ á listum FINA:**FINA listi # 18 gildir frá 01.01.2015 – 31.12.2018**

Jón Hjaltason yfirdómari
Sigurður Óli Guðmundsson yfirdómari
Ásmundur Svanberg Jónsson ræsir
Sigurþór Sævarsson ræsir

FINA listi # 19 gildir frá 01.01.2017 – 31.12.2020

Viktoría Gísladóttir yfirdómari
Haraldur Hreggviðsson yfirdómari
Björn Valdimarsson yfirdómari
Sarah Buckley ræsir
Magnús Steinarsson Ármann ræsir

FINA listi # 20 gildir frá 01.01.2019 – 31.12.2022

Ásmundur Svanberg Jónsson ræsir
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir yfirdómari
Sigurður Óli Guðmundsson yfirdómari
Sigurþór Sævarsson ræsir
Þórunn Kristín Guðmundsdóttir yfirdómari

Almennir dómarar SSÍ:

Gaman er að rýna í tölfræðina ábakvið dómarana.

2017:

281 dómari á lista í árslok skráðir í 23 félögum. 231 virkur dómari, þar af 161 dómari sem tóku þátt í 50 mótum (heima og erlendis) skráðum hjá dómaranefnd. Alls gáfu þetta 8030 punkta á árinu.

2018:

290 dómarar á lista í árslok skráðir í 22 félögum. 247 virkir dómarar, þar af 172 dómarar sem tóku þátt í 46 mótum (heima og erlendis) skráðum hjá dómaranefnd. Alls gáfu þetta 7120 punkta á árinu.

46 virkir dómarar á núverandi lista eru búnir að starfa í 10 ár eða lengur.

Önnur mál:

Nefndin tók til umsagnar kvartanir vegna hegðunar þjálfara við dómara á Ásvallamót og AMÍ á árinu 2018. Illa hefur gengið að manna mót á sundárinu 2018.

Dómaranefnd lagði til breytingar á klæðnaði dómara á sundmótum, svartar buxur, svarta skó og boli skafaðir af SSÍ. Ánægjulegt hvað dómarar tóku almennt vel í þessar breytingar og heildar útlit á sundlaugarbakkanum lítur vel út.

Viktoría Gísladóttir formaður Dómaranefndar

LANDSLIÐSNEFND SSÍ 2017-2019

Samvinna nefndarmanna hefur verið góð hvað varðar t.d. val á sundfólki fyrir Smáþjóðaleika, en lágmörk og önnur viðmið hafa að mestu verið á höndum verkefnastjórum og framkvæmdastjóra SSÍ

Árið 2017

Smáþjóðaleikar voru haldnir í San Marínó í maí og stóð sundfólkið sig að venju mjög vel, unnu til fjölda verðlauna. Hrafnhildur Lúthersdóttir vann til 4 gullverðlauna auk boðsunds. Eygló Ósk Gústafsdóttir og Bryndís Rún Hansen sigruðu einnig í sínum greinum á mótinu auk boðsunds.

EM25 var haldið í Kaupmannahöfn dagana 13.- 17. des. Þar tóku 6 sundmenn þátt í mótinu og heilt yfir stóð hópurinn sig vel.

Hrafnhildur tók þátt í 50m bringusundi og setti tvö Íslandsmet og jafnaði metið einu sinni. Hún endaði í 5 sæti á mótinu í þessari grein. Hrafnhildur er sem stendur í 12 sæti í 50m bringusundi á heimslistanum. Hún er í 29 sæti í 100m bringusundi og 47 sæti í 200m bringusundi.

Eygló Ósk hefur síðan í maí 2017 verið að einbeita sér að komast yfir bakvandamál sem hafa verið að hrjá hana. Hún tók þátt í EM25 en komst ekki í úrslit að þessu sinni, en var ekki mjög langt frá sínum bestu tímum. Hún dvaldi við æfingar í Stokkholmi vetur 2017- 2018

Bryndís Rún Synti ágætlega á árinu og sýndi framfarir á árinu 2017, hún glímdi við veikindi frá haustinu 2017- og í raun út árið 2018. Hún tók því ekki þátt í EM25 2017.

Ingibjörg Kristín synti alveg við sína bestu tíma á EM25 en komst ekki í úrslit eða milliriðla.

Davíð Hildiberg stóð sig best allra íslenskra karla í sundi á árinu 2017. Fyrst ber að telja gullið á Norðurlandameistaramótinu hér í Reykjavík í byrjun desember en hann sigraði 100m baksund. Þá komst hann í úrslit í 50m baksundi á sama móti og endaði fjórði. Davíð vann svo til tveggja bronsverðlauna í einstaklingssundum á Smáþjóðaleikunum í San Marino í sumar. Hann var í landssveit Íslands í boðsundi sem setti 2 landsmet á mótinu og unnu til tveggja silfurverðlauna.

Kristinn Þórarinnsson Kristinn stóð sig ágætlega á EM25 í Danmörku.

Árið 2018 :

SSÍ hóf árið 2018 á að bjóða þeim sem tóku þátt í NM og EM25 2017 uppá að mæta í mjólkursýrumælingar hjá Ragnari Guðmundssyni, sem er fyrrum afreksmaður í sundi, tók m.a. þátt í Ólympíuleikunum 1988 í Seoul. Ragnar rekur fyrirtæki í Danmörku, Optimizar – Sportstestcenter, sem sérhæfir sig í að gera mælingar og aðrar greiningar sem hjálpa bæði sundmönnum og þjálfurum þeirra að bæta árangur sinn. Þessum mælingum var mjög vel tekið og hafa niðurstöðurnar komið að miklu gagni við þjálfun þeirra sundmanna sem tóku þátt. Mælingarnar voru endurteknar í maí og þá var ákveðið að fá Ragnar í þriðja sinn hingað til lands nú við upphaf tímabilsins til að sjá hvernig sundfólkið stendur í upphafi sundársins fyrstu helgina í september. Þá um leið tók hann þátt í æfingu með hópnum til að fara yfir „anaerobic“ þjálfun. Við hjá SSÍ erum ánægð með hversu vel þessu hefur verið tekið af þjálfurum og sundmönnum, þetta lofar góðu í uppbyggingu sem SSÍ stendur frammi fyrir nú sem fyrr.

Anton Sveinn Mckee hefur verið að fóta sig í Bandaríkjunum þar sem hann reynir að stunda sína vinnu ásamt nauðsynlegum æfingum. Hann mætti hingað til lands til að taka þátt í ÍM50 og stóð sig með prýði. Hann stóð sig mjög vel á EM50 í ágúst 2018 þar sem hann synti 100m bringusund og tryggði sér 13. sætið, komst í undanúrslit og setti Íslandsmet. Hann hafði einsett sér að ná undir 1:01 og náði því, en hann synti á 1:00:45, sem er flottur árangur hjá honum.

Anton Sveinn Keppti á HM25 í Hangzhou í desember þar sem hann tvíbætti Íslandsmetið í 50m bringusundi og bætti eigið Íslandsmet í 200m bringusundi þar sem hann endaði í 10. sæti. Þá náði hann í undanúrslit í 100 bringusundi. Í þeirri grein bætti hann einnig eigið Íslandsmet sem hann hafði sett á ÍM25 í nóvember. Anton Sveinn er sem stendur annar hraðasti Norðurlandabúinn í 100m og 200m bringusundi.

Anton situr í 21. sæti á heimslistanum í 200m bringusundi í stuttu brautinni og í því 24. í 100m bringusundi.

Eygló Ósk Gústafsdóttir hefur nú í tæp tvö ár verið að kljást við bakmeiðsli. Eygló stundaði æfingar í Svíþjóð í tæpt ár en sneri heim á ný haustið 2018 og syndir nú undir stjórn síns gamla þjálfara Jacky Pellerin hjá sunddeild Fjölnis.. Eygló tók þátt í EM50 í ágúst, en náði sér ekki á strik þar og var töluvert frá sínu besta. Eygló tók þátt í ÍM25 í nóvember og náði þá lágmörkum inn á HM25 sem fram fór í Kína en ákvað að sleppa því móti og einbeita sér að því að vera betur undir búin fyrir 50m tímabilið sem hófst í janúar.

EM50 var haldið í Glasgow í ágúst 2018 og átti SSÍ 3 sundmenn þar. Það voru þau Eygló Ósk, Dadó Fenrir og Anton Sveinn.

Fyrir **HM25** í Hangzhou í Kína í desember náðu 7 sundmenn lágmörkum, SSÍ sendi 5 sundmenn á mótið og stóð Anton Sveinn sig best af þeim. Hinir sem syntu á mótinu voru: Ingibjörg Kristín, Kristinn Þórarinnsson og Dadó Fenrir Jasmínuson. Eygló Ósk og Snæfríður Sól Jórunnardóttir tóku ekki þátt í mótinu að þessu sinni, en Snæfríður hefur þegar náð lágmarki á HM50 í Gwangju í sumarið 2019.

Á **Norðurlandameistaramótið** í sundi sem haldið var í Oulu í Finnlandi sendi SSÍ 31 sundmann til keppni. Það er mesti fjöldi sem SSÍ hefur sent á það mót. Árangur var ágætur og fékk sundfólkið þrjú bronsverðlaun og var í úrslitum allra greina.

Árið 2019.

Smáþjóðaleikarnir voru haldnir í Svartfjallalandi 28. – 30 maí s.l og samanstóð liðið af 8 sundmönnum og 11 sundkonum. Anton Sveinn setti íslandsmet í 100m bringusundi og bætti tíma sinn síðan á EM50 2018. Einnig var Anton í sigusveit Íslands í 4x100m fjórsundi sem setti landsmet í sundinu. Íslenska liðið vann til 9 gullverðlauna, tveggja silfurverðlauna og 10 bronsverðlauna á leikunum. Eygló Ósk vann allar sínar greinar, 50, 100 og 200m baksund.

Nýlunda var hjá SSÍ að búa til keppnisferð fyrir þá sem ekki voru valin til keppni á Smáþjóðaleikum, þeim sem voru í framtíðarhópi og hafa náð lágörkum inn í unglingsverkefni sumarsins 2019. Farið var til Prag 31.mai og heimferð var 3.júní. Ferðin heppnaðist vel og samkvæmt könnun sem gerð var eftir þetta mót á meðal sundfólks þá er mikill áhugi að reyna að endurtaka svona ferð.

HM50 fer fram í Gwangju í Suður Kóreu 21.júlí – 28.júlí og hafa fjórir náð lágörkum á það mót.

Það eru þau Anton Sveinn McKee, Eygló Ósk Gústafsdóttir, Kristinn Þórarinsson og Snæfríður Sól Jórunnardóttir.

EMU fer fram í Kazan 3. – 7 júlí 2019 og hefur einn sundmaður, Patrik Viggó Vilbergsson náð lágörkum á það mót.

NÆM fer fram í Vejle í Danmörku 13. – 14.júlí og hafa 7 sundmenn náð lágörkum á það mót.

Aron Fannar Kristínarson, Daði Björnsson, Eva Margrét Falsdóttir, Freyja Birkisdóttir, Ingvar Orri Jóhannesson, Ólöf Kristín Isaksen og Veigar Hrafn Sigþórsson.

Eins og fyrr sagði þá er í gangi uppbygging hjá SSÍ sem fer saman við ákveðin kynslóðaskipti.

SSÍ réði til starfa tvo verkefnastjóra í október sem tóku að sér að vinna að landsliðsmálum/afreksstarfi fyrir SSÍ ásamt uppbyggingarstarfi. Verkefnið snúast að mestu um uppbyggingu, útbreiðslu, fræðslu og annað starf sem miðar að því að auka árangur í keppnissundi á Íslandi.

Magnús Tryggvason formaður landsliðsnefndar SSÍ

Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri SSÍ

Peir sem tóku þátt í landsliðsverkefnum 2017 og 2018 og til 1.júní 2019
Smáþjóðaleikar í San Marínó 2017

Aron Örn Stefánsson SH
 Ágúst Júlíusson SA
 Bryndís Bolladóttir Breiðablik
 Bryndís Rún Hansen Óðni
 Davíð Hildiberg Aðalsteinsson ÍRB
 Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægi
 Hafþór Jón Sigurðsson SH
 Hrafnhildur Lúthersdóttir SH
 Inga Elín Cryer Ægi
 Íris Ósk Hilmarsdóttir ÍRB
 Karen Mist Arngeirsdóttir ÍRB
 Kristinn Þórarinnsson Fjölni
 Kristófer Sigurðsson ÍRB
 Sunneva Dögg Robertson ÍRB
 Víktór Máni Vilbergsson SH
 Þröstur Bjarnason ÍRB
 Jacky Pellerin landsliðsþjálfari
 Steindór Gunnarsson aðstoðarþjálfari
 Málfríður Sigurhansdóttir flokkstjóri
 Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari
 Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ

EMU í Netanya í Ísrael júní 2017

Katarína Róbertsdóttir SH
 Ragnheiður Runólfsdóttir þjálfari
 Sólrún Gunnarsdóttir fararstjóri

NÆM í Færevjum júlí 2017

Adele Alexandra Pálsson SH
 Mladen Tepavcevic þjálfari

HM í Búdapest í Ungverjalandi júlí 2017

Bryndís Rún Hansen Óðinn
 Hrafnhildur Lúthersdóttir SH
 Ingibjörg Kristín Jónsdóttir SH
 Jacky Pellerin landsliðsþjálfari
 Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari
 Magnús Tryggvason fararstjóri, form. Landsliðsn
 Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ

EYOF í Györ í Ungverjalandi júlí 2017

Brynjólfur Óli Karlsson Breiðablik
 Patrik Viggó Vilbergsson Breiðablik
 Víktór Forafonov
 Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir þjálfari
 Jón Hjaltason varaformaður SSÍ

EM25 í Kaupmannahöfn í Danmörku des 2017

Aron Örn Stefánsson SH
 Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægi
 Hrafnhildur Lúthersdóttir SH
 Ingibjörg Kristín Jónsdóttir SH
 Kristinn Þórarinnsson Ægi
 Snæfríður Sól Jórunnardóttir
 Klaus Jürgen-Ohk þjálfari
 Steindór Gunnarsson þjálfari
 Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari
 Málfríður Sigurhansdóttir fararstjóri

NM í Reykjavík á Íslandi desember 2017

Adele Alexandra Pálsson SH
 Ágúst Júlíusson ÍA
 Baldvin Sigmarsson ÍRB
 Bryndís Bolladóttir Breiðablik
 Brynhildur Traustadóttir ÍA
 Brynjólfur Óli Karlsson Breiðablik
 Dadó Fenrir Jasminuson SH
 Davíð Hildiberg Aðalsteinsson ÍRB
 Eydís Ósk Konráðsdóttir ÍRB
 Huginn Hilmarsson
 Inga Elín Cryer Ægi
 Jóhanna Elín Guðmundsdóttir SH
 Karen Mist Arngeirsdóttir ÍRB
 Katarína Róbertsdóttir SH
 Kolbeinn Hrafnkelsson SH
 Kristín Helga Hákonardóttir Breiðablik
 María Fanney Kristjánsdóttir SH
 Patrik Viggó Vilbergsson Breiðablik
 Dadó Fenrir Jasminuson SH
 Ragna Sigríður Ragnarsdóttir Breiðablik
 Sunna Svanlaug Vilhjálmsdóttir SH
 Sunneva Dögg Robertson ÍRB
 Sævar Berg Sigurðsson ÍA
 Tómas Magnússon KR
 Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir þjálfari
 Kjell Wormdal þjálfari
 Hilmar Örn Jónasson fararstjóri
 Andri Helgason sjúkraþjálfari

Æfingabúðir á Tenerife á Spáni júní 2018

Adele Alexandra Pálsson SH
 Brynjólfur Óli Karlsson Breiðablik
 Eydís Ósk Konráðsdóttir ÍRB
 Karen Mist Arngeirsdóttir ÍRB
 Katarína Róbertsdóttir SH
 Kristín Helga Hákonardóttir Breiðablik
 Patrik Viggó Vilbergsson Breiðablik
 Snæfríður Sól Jórunnardóttir
 Sunna Svanlaug Vilhjálmsdóttir SH
 Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir þjálfari
 Andri Helgason sjúkraþjálfari
 Bjarney Guðbjörnsdóttir fararstjóri

NÆM í Riga Lettlandi júlí 2018

Adele Alexandra Pálsson SH
 Kristín Helga Hákonardóttir Breiðablik
 Patrik Viggó Vilbergsson Breiðablik
 Bjarney Guðbjörnsdóttir þjálfari
 Hilmar Örn Jónasson fararstjóri

EM50 í Glasgow Skotlandi ágúst 2018

Anton Sveinn McKee SH
 Dadó Fenrir Jasminuson SH
 Eygló Ósk Gústafsdóttir Ægi
 Jacky Pellerin landsliðsþjálfari
 Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari
 Málfríður Sigurhansdóttir fararstjóri
 Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ

YOG í Buenos Aires Argentínu október 2018

Brynjólfur Óli Karlsson Breiðablik
 Karen Mist Arneirsdóttir ÍRB
 Patrik Viggó Vilbergsson Breiðablik
 Snæfríður Sól Jónnardóttir
 Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir þjálfari

NM í Oulu Finnlandi desember 2018

Adele Alexandra Pálsson SH
 Aron Þór Jónsson SH
 Aron Örn Stefánsson SH
 Ásdís Eva Ómarsdóttir
 Ásta Kristín Jónsdóttir Áramann
 Birna Hilmarsdóttir ÍRB
 Brynhildur Traustadóttir ÍA
 Brynjólfur Óli Karlsson Breiðablik
 Elín Kata Sigureirsdóttir Óðinn
 Eva Margrét Falsdóttir ÍRB
 Eydís Ósk Konráðsdóttir ÍRB
 Fannar Snær Hauksson ÍRB
 Guðný Birna Sigurðardóttir Breiðablik
 Gunnhildur Björg Baldursdóttir ÍRB
 Hafþór Jón Sigurðsson SH
 Hólmsteinn Skorri Hallgrímsson Fjölnir
 Jóhanna Elín Guðmundsdóttir SH
 Karen Mist Arneirsdóttir ÍRB
 Katarína Róbertsdóttir SH
 Kolbeinn Hrafnkelsson SH
 Kristín Helga Hákonardóttir Breiðablik
 María Fanney Kristjánsdóttir SH
 Patrik Viggó Vilbergsson Breiðablik
 Ragna Sigríður Ragnarsdóttir Breiðablik
 Regína Lilja Gunnlaugsdóttir Breiðablik
 Stefanía Sigurþórsdóttir ÍRB
 Steingerður Hauksdóttir SH
 Sunna Svanlaug Vilhjálmssdóttir SH
 Tómas Magnússon KR
 Viktor Forafonov
 Þóra Snorradóttir Óðinn
 Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir þjálfari
 Steindór Gunnarsson þjálfari
 Andri Helgason sjúkraþjálfari
 Anna Gunnlaugsdóttir fararstjóri
 Hilmar Örn Jónaasson fararstjóri

HM25 í Hangzhou í Kína desember 2018

Anton Sveinn McKee SH
 Dadó Fenrir Jasminuson SH
 Ingibjörg Kristín Jónsdóttir SH
 Kristinn Þórarinnsson Fjölnir
 Klaus Jürgen-Ohk þjálfari
 Unnur Sædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari
 Bjarney Guðbjörnsdóttir fararstjóri
 Hörður J. Oddfríðarson formaður SSÍ

Smáþjóðaleikar í Svartfjallalandi maí/júní 2019

Anton Sveinn McKee SH
 Bryndís Bolladóttir Breiðablik
 Brynjólfur Óli Karlsson Breiðablik
 Dadó Fenrir Jasminuson SH Eydís Ósk
 Kolbeinsdóttir ÍRB
 Eygló Ósk Gústafsdóttir ÍRB
 Jóhanna Elín Guðmundsdóttir SH
 Karen Mist Arneirsdóttir ÍRB
 Katarína Róbertsdóttir SH
 Kolbeinn Hrafnkelsson SH
 Kristinn Þórarinnsson Fjölnir
 Kristín Helga Hákonardóttir Breiðablik
 Kristófer Sigurðsson ÍRB
 María Fanney Kristjánsdóttir SH
 Patrik Viggó Vilbergsson Breiðablik
 Ragna Sigríður Ragnarsdóttir Breiðablik
 Sunna Svanlaug Vilhjálmssdóttir SH
 Stefanía Sigurþórsdóttir Breiðablik
 Þröstur Bjarnason ÍRB

Æfingaverkefni í Prag Tékklandi júní 2019

Adele Alexandra Pálsson SH
 Aron Þór Jónsson SH
 Þþena Jónsdóttir SH
 Birna Hilmarsdóttir ÍRB
 Birnir Freyr Hálfðánarson SH
 Björgvin Árni Júlíusson KR
 Bríet Dalla Gunnarsdóttir SH
 Brynhildur Traustadóttir ÍA
 Daði Björnsson SH
 Elín Kata Sigureirsdóttir Óðinn
 Fannar Snær Hauksson ÍRB
 Freyja Birkisdóttir Breiðablik
 Heiður Kristín Sigurgeirdóttir Áramann
 Herdís Birna Víggósdóttir KR
 Ingvar Orri Jóhannesson Fjölnir
 Kristófer Atli Andersen Breiðablik
 Ólöf Kristín Isaksen Breiðablik
 Óskar Gauti Lund Breiðablik
 Ragnheiður Karen Ólafsdóttir ÍA
 Sigurður Ingi Sigurðarson KR
 Sigurjóna Ragnheiðardóttir Óðinn
 Símon Elías Statkevicius SH
 Steingerður Hauksdóttir SH
 Svava Björg Lárusdóttir Áramann
 Tómas Magnússon KR
 Þorbjörn Andrason KR
 Þóra Snorradóttir Óðinn

AÐRAR NEFNDIR SSÍ 2017-2019

Aðrar nefndir SSÍ störfuðu ekki með reglubundnum hætti og skiluðu ekki sérstakri skýrslu um störf sín.

SUNDSAMBAND ÍSLANDS

STEFNA SSÍ og Afreksstefna SSÍ

2019 - 2030

HORFT TIL FRAMTÍÐAR



FORMÁLI

Við erum lánsöm í sundhreyfingunni á Íslandi að uppskera reglulega. Nú ári fyrir Ólympíuleika í Tokýó árið 2020 erum við í miðjum kynslóðaskiptum, þar sem yngra sundfólk er að stíga upp og taka sér stöðu fyrir komandi ár. Framundan eru því að öllum líkindum skemmtilegir tímar í keppnissundi.

Afrekssjóður hefur stækkað mikið síðan við staðfestum stefnu okkar síðast. Í kjölfarið skiptir ÍSÍ sérsamböndunum í A, B og C sambönd þar sem A samböndin eru afrekssamböndin með mestu möguleikana að ná afburða alþjóðlegu árangri. SSÍ er A samband og það hefur verið eining um það innan sambandsins að þar viljum við vera og munum leggja mikið á okkur að halda þeirri stöðu. Það þýðir að við verðum að hafa lifandi stefnu og afreksstefnu fyrir sambandið, stefnu sem uppfyllir skilyrði ÍSÍ og Íþróttapings.

Stefna SSÍ varð fyrst til í því formi sem hún er í dag árið 2000. Síðan þá höfum við tekið hana fyrir á hverju sundþingi. Hún hefur tekið töluverðum breytingum, styst og orðið hnitmiðaðri, en markmiðið er alltaf það sama, að setja viðmið um starf og markmið komandi ára. Við höfum verið bjartsýn og sett fram stefnu þar sem hugsað er 10 til 12 ár fram í tímann, vitandi það að það er lágmarkstími til að byggja upp varanlegan árangur í hreyfingunni.

Verkefni sem stefnan tekur á eru margskonar fyrir utan auðvitað Afreksstefnuna og keppnissundið, þá er uppbygging annarra sundíþróttanna einnig mikilvægt, því slík uppbygging gæti stutt við bakið á keppnissundinu.

Á undanförunum árum hefur görpum farið fjölgandi, sundknattleikur er að byggjast upp, skólasundmótið er að festa sig í sessi og á síðustu dögum eru að koma fram íslenskar stúlkur sem munu að öllum líkindum keppa fyrir Íslands hönd í samhæfðri sundfimi.

Ekki má gleyma umgjörðinni og uppbyggingunni. Við höfum séð að víða um land þar sem aðstaða er slök, þá leggjast sunddeildir af. En við sjáum einnig hvernig aðstaða félaga í einstökum laugum er fullnýtt, engin leið að bæta þar úr nema saman náist með sveitarfélögunum um uppbyggingu á sundlaugarmannvirkjum. Þessi sveitarfélög eru; Reykjavík, Akranes, Ísafjörður/Bolungarvík og Akureyri. Þá eru ótalin svæði bæði austan, vestan og sunnanlands þar sem uppbygging bíður betri aðstöðu. En aðstaða er ekk bara mannvirki, það þarf einnig að fá fleiri og betur menntaða þjálfara til starfa út um allt land, ef við eigum að viðhalda og bæta árangur okkar í sundíþróttinni.

Eins og áður hefur verið bent á þá er ástundun sundíþróttanna lífstíll. Fáar aðrar íþróttir eru jafnkrefjandi og agaðar. Við sem störfum í hreyfingunni erum til stuðnings og aðstoðar. Okkar markmið eru að hver sá sem stundar sundíþróttir finni fyrir þessum áhuga okkar á einhvern hátt. Texti eins og hér birtist á að vera lifandi og í stöðugri endurskoðun. Öðruvísi er hann gagnslaus og ómarktækur. Sundíþróttahreyfingin þarf að vera virk í að benda á það sem vel er gert, það sem betur má fara þannig að stjórn SSÍ missi ekki sjónar á markmiðunum. Það er von stjórnar SSÍ að sú framtíðarsýn sem birtist í þessu hefti geti áfram komið hreyfingunni að gagni við frekari útbreiðslu og afrek.

Með kveðju
Hörður J. Oddfríðarson
formaður SSÍ

INNGANGUR

SUNDSAMBAND ÍSLANDS er vettvangur íþróttabandalaga, héraðssambanda, sundfélaga/deilda og einstaklinga á Íslandi og bakhjarl kennslu og þjálfunar í sundíþróttum og iðkunar almennings.

Starfssemi SSÍ tekur til allra sundíþróttar þó keppnissund sé enn öflugasta greinin sem stunduð er innan vébanda sambandsins. Stefna sambandsins miðar einnig að því að þeir sem stunda sundíþróttir, til keppni eða heilsuþóttar, geri það sér til heilbrigðis og ánægju.

Sundsamband Íslands hefur staðið fyrir reglubundnu samtali innan hreyfingarinnar. Þetta samtal hefur í gegnum tíðina ratað inn í stefnu SSÍ á ýmsum stigum, þroskast þar og vaxið. Þannig varð skólasundkeppnin til sem hugmynd í samtali milli fólks innan hreyfingar, áhuga

framkvæmdastjóra SSÍ og svo sem afleiðing af stefnu SSÍ á hverjum tíma. Því má segja að við byggjum á reynslu, hugmyndaauðgi, áhuga og getu til að þróa sundíþróttir meðal Íslendinga.

Sundsamband Íslands er sá aðili að Íþróttar- og Ólympíusambandi Íslands sem fer með æðsta vald og sameiginleg málefni sundhreyfingarinnar í landinu, í samræmi við lög ÍSÍ, SSÍ og samþykktir íþróttar- og sundþinga.

Stefna SSÍ

Framtíðarsýn

SSÍ eflir áhuga á sundíþróttum, skapar starfsemi sundfélaga traustari grunn og styrkir umgjörð þeirra og fagmennsku. SSÍ kemur fram sem málsvari sundíþróttar og vinnur með yfirvöldum og öðrum að því að bæta aðstæður til sundiðkunar. Allir eiga að fá tækifæri til að læra og iðka sundíþróttir sem hluta af heilbrigðum lífsstíl.

SSÍ eflir sundíþróttaiðkun, bæði til keppni en ekki síður meðal almennings, hefur málefni almenningsunds á sinni könnu en eðli málsins samkvæmt skarast það starf við allt starf SSÍ. Mótahald sambandsins stuðlar að uppbyggingu sundfólks og frekari kynningu og útbreiðslu á sundíþróttum. Sundíþróttamótum SSÍ er þannig fyrirkomið að íslenskt sundíþróttafólk getur nýtt sér þau til að ná alþjóðlegum árangri.

Mannvirki og önnur aðstaða

Það er mikilvægt að í uppbyggingu fyrir sundíþróttir sé gert ráð fyrir aðstöðu fyrir almenning jafnt sem keppnissund, sundknattleik, sundfimi, dýfingar og víða-vatnssund þar sem það á við. Einnig er mikilvægt að í hverjum landshluta sé aðstaða til að stunda allar sundíþróttir og ekki er síður nauðsynlegt að sundíþróttafélög sem bjóða upp á æfingar og keppni hafi gott aðgengi í þessi mannvirki.

Undanfarin ár hefur verið ládeyða í uppbyggingu sundíþróttamannvirkja og sveitarfélög í landinu hafa ekki haft burði til að setja saman áætlun um slíka uppbyggingu. Á tímabilinu 2019 til 2025 er það eitt af forgangsverkefnum SSÍ að ná fram slíkum áætlunum í samráði við félög og deildir á hverju svæði fyrir sig. Þar mun SSÍ beita sér við að ná að sama borði forsvarsfólki sveitarfélaganna, íþróttabandalaganna/héraðssambandanna, sundfélaganna og fulltrúum annarra íþróttagreina. Markmiðið er að gera uppbyggingu sundíþróttamannvirkja markvissari, öruggari og ódýrari.

SSÍ hefur um árabíl skipað fólk í mannvirkjanefnd, sem hefur það hlutverk að aðstoða sveitarfélög við þróun sundíþróttamannvirkja. Ekki verður við það unað að sundhreyfingin komi ekki að undirbúningi og hönnun sundíþróttamannvirkja til að tryggja að æfinga- og keppnisaðstaða sé viðunandi.

SSÍ vinnur áfram að því í samstarfi við ÍSÍ, ÍBR, Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið að þjódarleikvangur í sundi, Sundíþróttamiðstöð Íslands, verði í Laugardalslaug, þó nauðsynlegt sé að dreifa mótahaldi um landið. Það getur þó ekki orðið að veruleika nema að sundlaugum fjölgi í Reykjavík, þar sem æfingapláss fyrir sundíþróttir þar er nú þegar fullnýtt. Þá verður þjódarleikvangur í sundíþróttum að uppfylla þá staðla og þær tæknilegu kröfur sem gerðar eru af alþjóðasamfélaginu til slíkra mannvirkja.

Jafnrétti og siðferði

SSÍ eflir stöðugt jafnrétti og jafnræði í öllu skipulagi sínu og vinnur ötullega gegn einelti, útilokun, yfirgangi og kynferðislegri misbeitingu. Innan SSÍ er starfandi Aga- og siðanefnd sem fylgist vel með og tekur upp mál ef nauðsyn ber til. Þá hafa aga- og siðareglur Sundsambands Íslands verið uppfærðar og þær endurbættar mjög í anda þeirra viðhorfa sem hafa þróast í samfélaginu á undanförunum árum.

Forvarnir

Heilbrigður og ábyrgur lífsstíll er hluti af iðkun íþróttar. Innan SSÍ er virk forvarnarstefna gegn lyfjamisnotkun og notkun ávana- og fíkniefna og sambandið nýtir sér fræðslu og efni frá Íþróttar- og Ólympíusambandi Íslands og fleirum í því sambandi.

Innan SSÍ er líka mjög ákveðin forvarnarstefna gagnvart hvers konar ofbeldi og áreitni. Allir sem stunda sundíþróttir eiga að upplifa virðingu og öruggi við ástundun sína.

Gildi SSÍ.

SSÍ hefur unnið eftir meðfylgjandi gildum frá árinu 2013 en þau voru sett í stefnu sambandsins á Sundþingi 2017:

- **Við sýnum hvort öðru virðingu**
- **Við höfum gaman af því sem við gerum**
- **Við sýnum hvort öðru trúnað og traust**
- **Við erum framsýn og lausnarmiðuð**

Niðurstöður málþingsins fylgja í Viðauka I.

Fræðsla

SSÍ skipar fræðslunefnd sem fylgist með menntunarstigi starfandi þjálfara og gerir tillögur til stjórnar SSÍ um námskeiðahald fyrir þjálfara. Í þessu starfi vinnur nefndin með verkefnisstjórum SSÍ. Stefna SSÍ er að koma upp reglubundinni fræðslu fyrir þjálfara samræmi við samþykktir Íþróttapings, almenna og sérgreinahluta þjálfaranáms ÍSÍ og mun leita til annarra sérsambanda eftir aðstoð og ráðgjöf varðandi þá uppbyggingu. Þá stefnir SSÍ á að koma upp svipuðu kerfi og sum önnur sambönd hafa til að halda utan um þekkingu og réttindi þjálfara innan hreyfingarinnar.

Fræðsla fyrir aðra sem starfa í hreyfingunni er einnig mjög mikilvæg. Fræðsla dómara er í nokkuð föstum skorðum hjá sambandinu og SSÍ stefnir á að setja upp námskeið í fararstjórn, stjórnun móta ásamt tækni- og þularfræðslu.

Verkefni

SSÍ leitast við að útfæra stefnu fyrir allar sundíþróttir. Henni ber að innihalda stefnu er varðar ungbarnasund, sundkennslu í grunnskólum og grunnþjálfun sundmanna auk mótahalds og skipulags landsliða SSÍ.

SSÍ hvetur og styður menntamálayfirvöld og stjórnendur sveitarfélaga, til að fylgja fast eftir ákvæðum námskrár grunnskóla um sundkennslu og til að koma upp viðunandi aðstöðu til sundkennslu á sínu svæði.

SSÍ vinnur að því að bæta stöðu íslenskra sundíþróttanna innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og á Norðurlandamótum, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, Evrópumeistaramótum, Heimsmeistaramótum, Smáþjóðaleikum og Ólympíuleikum.

Heimasíða sambandsins <http://www.iceswim.is> og facebooksíða SSÍ eru tæki til að ná til almennings. SSÍ á reglubundið samstarf við fjölmiðla og leggur sig fram um að koma upplýsingum um sundíþróttir til íþróttufréttamanna jafnóðum og þær verða til. Þá mun SSÍ koma sér upp aðstöðu til að senda beint út á netinu og þar með senda meira og betra efni til ljósvakamiðla. SSÍ rekur skrifstofu sem veitir sundfélögum þjónustu, upplýsingar og sinnir formlegum skipulagsmálum sundíþróttanna en auk þess sjá starfsmenn SSÍ um að framkvæma stefnu SSÍ og ákvarðanir stjórnar. SSÍ menntar og þjálfar fólk til að framkvæma sundmót og framfylgja gildandi reglum FINA.

Starf SSÍ miðar að fagmennsku í öllu starfi og útbýr leiðbeiningar til að tryggja samræmi og samfellu í starfi.

Stjórn SSÍ kynnir reglur FINA og breytingar á þeim.

Alþjóðlegt samstarf og alþjóðlegt mótahald

Það er stefna SSÍ að eiga aðild að nefndum og stjórnnum NSF, LEN og FINA. SSÍ á fulltrúa í sundtækninefnd LEN og garpanefndum LEN og FINA. Einnig er gott samstarf við aðrar Evrópuþjóðir um fulltrúa í nefndir og stjórnir LEN og FINA.

SSÍ hefur boðist til að halda ársþing LEN árið 2021. Það skiptir okkur máli að vera virk í þessu alþjóðlega samstarfi, við fáum öruggari upplýsingar um það sem hæst ber á hverjum tíma, það er leitað eftir áliti okkar þegar það á við og það auðveldar mjög samskipti við LEN og FINA.

SSÍ mun hefja viðræður við Reykjavíkurborg og Mennta- og menningarmálaráðuneytið, um að halda EMU og EM 25 fyrir árið 2024. Reynsla okkar af mótahaldi á Smáþjóðaleikum 2015 er gott veganesti í þessa vinnu.

UPPBYGGING SUNDÍÞRÓTTA Á ÍSLANDI

Sund sem keppnisíþrótt

Mikilvægt er að börn og ungmenni á Íslandi eigi þess kost að æfa og keppa í sundi óháð [IKI]búsetu. Í því samhengi er mikilvægt að styðja við deildir og félög á Íslandi sem vilja halda úti starfi fyrir þá einstaklinga. SSÍ kappkostar að koma að slíkri uppbyggingu í samráði og samvinnu við deildir og félög sem leita til sambandsins eftir slíku samstarfi. Til að slíkt samstarf geti orðið þurfa félög og deildir að senda inn formlegt erindi til sambandsins og mun stjórn í samráði við fræðslu- og dómarnefndir vinna með viðkomandi til að greina hvernig best sé komið til móts við umsækjanda og hvers konar stuðning þarf að veita. Mikilvægt er að slík umsókn berist sambandinu fyrir 1. maí ár hvert svo hægt sé að gera ráð fyrir stuðningnum í plönun sambandsins á komandi sundári.

Skólasund

Sundkennsla í skólum er hluti af almennu grunnskólanámi á Íslandi. SSÍ hefur undanfarin ár staðið fyrir grunnskólamóti í sundi, eitthvað sem hefur tekist svo vel að nú er kominn tími til að færa keppnina út um land. Þessi skólamót eru haldin í samstarfi við sund/íþróttakennara á Íslandi. Mikilvægt er að slík mót verði fastur liður í starfi skóla auk þess sem við það myndast tækifæri til að kynna aðrar greinar sundíþróttá í skólum landsins.

Fræðslunefnd vinnur í samstarfi við Félag íþróttá- og heilsufræðinga að halda endurmenntunarnámskeið fyrir íþróttakennara eftir þörfum.

Unnið verður að kynningu sundknattleiks í skólum landsins.

Garpasund

SSÍ stuðlar að því að garpar hafi/fái aðstöðu til þjálfunar með fagfólki og geti þannig náð betri árangri og uppfyllt markmið sín. Sund er afar góð íþrótt til að þroskast með og eflir einstaklinginn til dáða í námi, einkalífi og á vinnumarkaði. Garpasund hefur verið virk grein innan SSÍ undanfarin ár og SSÍ stefnir að því að almennungur í laugum landsins fái fræðslu og upplýsingar um garpasund.

Sundknattleikur

Sundfélög og deildir landsins þurfa að fá fræðslu og aðstoð við að byggja upp sundknattleik innan sinna raða. SSÍ mun hafa forgöngu um samstarf við önnur sérsambönd innan ÍSÍ til dæmis Handknattleikssamband Íslands. Slík samvinna þarf að vera markviss. Einnig er nauðsynlegt að þeir sem stunda þessa íþrótt nú þegar komi að þessu starfi með virkum hætti. SSÍ hefur unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað fyrir þessa grein og nú er til færanleg stigatafla og einnig eru tæki til keppnishalds til staðar í stærri laugum landsins. SSÍ stefnir að því að hefja þátttöku í NM í sundknattleik fyrir 2020.

Víðavatnssund

Þeim fjölgar stöðugt sem stunda sund eða böð, hvort sem er í sjó eða vötnum, og slík iðkun ætti að vera skipulagður hluti af starfi sundfélaga og SSÍ. Það er líklegt að hin mikla aukning sem hefur orðið í víðavatnssundi geti orðið til þess að erlent sundfólk og fólk í ævintýraleit muni vilja skrá nöfn sín í sögu víðavatnssunds við og á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að öryggi sé tryggt og það sé á hreinu hvaða aðili hafi með ákveðnar sundleiðir að gera. Slys við þær aðstæður að öryggi sé óhugsað og enginn sem ber lágmarksábyrgð á að upplýsa og halda utan um slík mál verða okkur skaðleg.

Sundsamband Íslands setur reglur um lágmarksöryggi á ákveðnum sundleiðum og gefur út viðurkenningar fyrir slík sund. Einnig styður SSÍ við bakið á einstaklingum og félögum sem berjast fyrir bættri aðstöðu til sundiðkunar víða um vötn.

Við sjáum fram á að íslenskt sundfólk geti á einfaldan hátt náð keppnisrétti í víðavatnssundi á vegum LEN og FINA. Það er því kominn tími til að við látum á það reyna hvort við getum gert okkur gildandi í þessari grein. SSÍ mun því hefja samvinnu við nokkur félög og leita samstarfs erlendis um að þjálfa upp sundfólk til slíkrar keppni.

Dýfingar og sundfimi

SSÍ leitar samstarfs við Fimleikasamband Íslands þegar kemur að dýfingum og sundfimi. Nú þegar hefur aðstaða til dýfinga batnað í Reykjavík með nýjum stökkbrettum, en betur má ef duga skal. Mikilvægt er að í tengslum við uppbyggingu Sundíþróttamiðstöðvar Íslands verði gert ráð fyrir dýfingum, sundfimi og sundknattleik.

Sundfimi er ekki stunduð á Íslandi, en vitað er um einhverja Íslendinga sem æfa greinina erlendis. Reynt verður að vera í sambandi við þá aðila go þeim boðið að keppa fyrir hönd Íslands ef efni standa til þess.

Sundkeppni

SSÍ styður við markvissa uppbyggingu sundfólks í samvinnu við sundfélög og deildir á Íslandi. SSÍ vinnur að því að skapa þjálfurum tækifæri til að öðlast reynslu á innlendum og erlendum vettvangi til að auka hæfni þeirra í þjálfun á sundfólki í uppbyggingarfasa og afrekssundfólki.

Afreksstefna SSÍ

Sameiginlegt markmið sundhreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk í sundi sem skipar sér á bekk með þeim bestu í sundheiminum. Markmiðið er tryggja möguleika afrekssundfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum sundfólks og auka íslenska þjálfunarkunnáttu. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi sundhreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu framtíðar afreksfólks í sundi.

Til þess að ná markmiðum sínum setur sundhreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum. Sundsamband Íslands mótar tímasett markmið og kynnir þau fyrir sundhreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. SSÍ stefnir til langframa að því að styrkja getu einstaklinga og félaga til að vinna að langtímamarkmiðum í afrekssundi. Ásamt því ber að meta keppnisárangur sem skref til aukinna afreka.

Leggja þarf mikla áherslu á að efla þekkingu þjálfara í sundhreyfingunni á öllum sviðum þjálfunar og uppbyggingar afreka í sundi.

Fræðslunefnd sem fylgist með menntunarstigi starfandi þjálfara innan SSÍ og námskeiðahaldi fyrir þjálfara. Í þessu starfi vinnur nefndin með verkefnisstjórum SSÍ.

Landslið Íslands í sundi – uppbygging og áherslur

Sundsamband Íslands setur landsliðshópum markmið og viðmið. Gera þarf kröfur á sundfólkið um að setja sér markmið og áætlun um hvernig hægt er að ná þeim. Mjög mikilvægt er að samræmi sé í áætlunum sundfólks og sambands.

Verkefnisstjórar og landsliðsnefnd SSÍ aðstoða sundfólkið og félagsþjálfarana í þessari vinnu. Þá þarf einnig að kynna sundfólkinu áætlanir SSÍ og verkefnastöðu hverju sinni þannig að sundfólkið fái nægan tíma til að undirbúa sig.

Jákvæð hvatning og samstarf sambands, landsliðsþjálfara og sundfólksins er lykill að velgengni á alþjóðlegum vettvangi í sundi.

Markmið landsliða Íslands í sundi

- Að komast í undanúrslit og úrslit á alþjóðlegum mótum með það fyrir augum að vinna til verðlauna
- Að stuðla að batnandi árangri hvers einstaklings fyrir sig á alþjóðlegum mótum og innan móta
- Að stuðla að jákvæðu sambandi og innbyrðis stuðningi innan landsliða Íslands á hverjum tíma
- Áherslur verkefnastjóra, sundfólks og þjálfara sundfólksins samræmd með reglubundnum hætti
- Reglubundin líkamleg uppbygging með sjúkraþjálfara
- Æfingabúðir í aðdraganda verkefna landsliða þar sem liðið vinnur með landsliðsþjálfara, sjúkraþjálfara og fararstjóra
- Undirbúningur fyrir sérhvert verkefni sé markviss og til þess fallinn að
 - Skilgreina markmið verkefnisins á skýran hátt
 - Sundfólkið missi ekki sjónar á markmiðunum
 - Liðsmenn nái að kynnast og auka metnað liðsmanna fyrir verkefninu

- Gæta að því að sundfólkið sé undirbúið að synda hratt á réttum tíma, sé tæknilega vel á sig komið (snúningar oph) og geti unnið með hópnum (boðsund og hvatning)

Unglingalandslið Íslands – uppbygging og áherslur

Lögð verður áhersla á að sérhver sundmaður sem kemst í unglíngalandslið Íslands í sundi hafi fengið skilmerkilega og jákvæða kynningu á því hvað þátttaka í verkefnum unglíngalandsliðsins felur í sér. Þetta felur m.a. annars í sér kynningu á tröppugangi/röðun verkefna miðað við aldur og kynning á árangursmarkmiðum.

Markmið unglíngalandsliðs

- Stuðla að markvissri uppbyggingu sundmanns frá unglíngalandsliðsverkefnum til stærri verkefna.
- Nauðsynlegt er að liðsmenn í sérhverju verkefni hittist ásamt þjálfara / fararstjóra í það minnsta tvisvar sinnum fyrir sérhvert verkefni.
- Undirbúningur fyrir sérhvert verkefni sé markviss og til þess fallinn að
 - Kynna þátttöku í unglíngalandsliðum – rauði þráðurinn
 - Liðsmenn náí að kynnast
 - Tíunda markmið með þátttöku í tilteknu verkefni
 - Auka metnað liðsmanna fyrir verkefninu
 - Taka 1 – 2 sundæfingar með áherslu á sérhæfða þætti (hraði – snúningar – boðsundsskiptingar og fleira)

Almennt starf í kringum unglíngalandslið

Lágmörk fyrir verkefni, val á þjálfurum og dagsetningar fyrir undirbúning/æfingabúðir eiga að liggja fyrir 15. ágúst ár hvert. Lágmörk fyrir verkefni á tímabilinu ágúst til desember eins og NMU, eiga að liggja fyrir 1. febrúar ár hvert.

Mikilvægt að þjálfarar sem koma að verkefnum unglíngalandsliðs vinni saman og séu meðvitaðir um hvaða sundmenn koma til greina í ákveðin verkefni. Samstarf þjálfara á að vera til þess fallið að stuðla að framgangi sundmannsins í áframhaldandi verkefnum.

Verkefnastjórar hafa yfirumsjón með heildarverkefninu, en þeir útnefna einnig einn þjálfara til að halda utan um unglíngalandsliðið.

Mælanleg markmið til 2030

Með góðu móti er hægt er að mæla hversu margir íslenskir sundmenn eru meðal 100 bestu í heiminum, hversu margir meðal 50 bestu, 30 bestu, 20 bestu og 10 bestu. Einnig er hægt að nota Evrópulista til hins sama. Slík viðmið eiga fyrst og fremst að vera úr löngu brautinni en þó er rétt að halda slíkt bókhald úr stuttu brautinni einnig, bæði til samanburðar en ekki síður til að hvetja sundfólkið. Þá er auðvelt að mæla hverjir og hversu margir komast í úrslit á mótum erlendis og á verðlaunapall td á EM og HM. Frekari mælanleg markmið gætu verið fjöldi sundmanna með lágmörk á ÓL og hversu margir ná í úrslit á ÓL. **Þá má ekki gleyma því að lágmarksárangur til þátttöku á ÓL ætti að vera betri en á HM og EM.**

Mælanleg einstaklingsmarkmið eru til að mynda bæting á besta tíma á alþjóðlegum stórmótum eða í minnsta kosti bæting á besta tíma yfirstandandi tímabils. Við íslendingar erum umtöluð

fyrir agað mótahald og höfum gott orð á okkur þegar kemur að alþjóðlegum mótum hér heima. Því er rétt að nota aðeins tíma sem nást á viðurkenndum alþjóðlegum mótum þegar þessi markmið eru gerð upp, hvort sem er alþjóðlegum mótum hér heima, erlendis eða á HM, EM og ÓL.

Verkefnastjórar og landsliðsnefnd gera árlega grein fyrir hvernig árangur Íslendinga í sundi ríma við ofangreind markmið.

SSÍ sér til þess að afrekaskrá sé viðhaldið og uppfærð á reglubundinn hátt. Samningur hefur verið gerður við Swimrankings þar sem gott aðgengi er á upplýsingum aftur í tímann sem skiptir máli við skipulagningu á afreksstarfi. Það hefur einnig hvetjandi áhrif fyrir sundfólkið að fylgjast með hvernig það raðast á alþjóðlega lista með tíma sína.

Góð samskipti við fjölmiðla skipta einnig máli því það er til lítills að setja markmið ef þau vekja ekki áhuga þeirra sem eiga að fylgjast með. Þess vegna er mikilvægt að tengja saman mótadagskrá SSÍ og markmiðssetningu SSÍ og sundfólksins við mögulega fjölmiðlaumfjöllun.

Skilgreining afreka í sundi

Afreksmaður í sundi er hver sá sundmaður sem stenst ákveðin viðmið við heimsafrekaskrá í sundi t.a.m. FINA stig. Afreksefni telst það sundfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

SSÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu í sundi en þó er öllum ljóst að sundhreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt SSÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná langt, vera tilbúin að leggja áætlanir sínar fram í upphafi og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

Ástundun er forsenda afreka – ástundun er forsenda þátttöku

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttar. Það ber að stefna að því að ástundun afrekssundfólks sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem það helgar íþróttum krafta sína komi það ekki niður á þroska þess og undirbúningi að takast á við lífið að íþróttiferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda fyrir því að sundfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og er forsenda fyrir því að sundfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi sundfólksins ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða sundfólkið á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

Skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu – og annarri uppbyggingu

Sundsamband Íslands setur sér meðfylgjandi markmið til að bæta aðstöðu sundfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur SSÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliðs í sundi.

- a) Sundíþróttamiðstöð Íslands verði sett á laggirnar.
 - Markmiðið með því er að sund eigi fastan samastað við bestu aðstæður. Þar fer fram afreksþjálfun og æfingabúðir og boðið upp á fræðsludagskrá fyrir þjálfara, sundfólk og aðra sem koma verki.
- b) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar er vel skilgreint
- c) Stoðþjónusta, svo sem fræðsludagskrá og fagteymi verður aðgengilegt fyrir afrekssundfólk.

- d) Landslið kölluð til æfingabúða í aðdraganda að alþjóðlegum verkefnum.
- e) Sett verður upp sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samráði við landsliðsþjálfara.
- f) Stuðlað verður að hvetjandi umhverfi afrekisfólks og afreksefna í sundi
- g) Kallað verður reglulega eftir áætlunum og markmiðum sundfólks og þau endurskoðuð amk einu sinni á ári.
- h) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afrekisundfólks kallaðir til fræðslu og samráðs
- i) Sett verða skýr mælanleg markmið um fjölda og stöðu sundfólks á heimslista.

Viðauki I

Niðurstöður af málþingi SSÍ í febrúar 2017 þar sem gildi SSÍ eru skilgreind betur.

- **Við sýnum hvort öðru virðingu en þar kom fram eftirfarandi;** ○ Gagnkvæm virðing milli þjálfara og sundmanna, getum bætt okkur milli hvors annars. Getum bætt okkur í virðingu milli ssí og sundheimssins. Vandamál í samskiptum fullorðinna geta haft slæm áhrif á sundfólkið. Mikilvægt að við getum sett okkur í spor annarrasýna öðrum virðingu þvert á kynslóðir-hagsmunir heildarinnar. Meiri samskipti milli félaga-heiðarleiki. Í víðavatnssundinu ríkir meiri virðing-annað umhverfi. Taka jákvætt í ábendingar, opna farvegi fyrir þær-möguleiki á nafnlausum ábendingum. Auka virðingu milli ssí og sundmanna-greiðari leið til samtals. Jafnræði-gagnkvæm virðing milli þjálfara og sundmanna. Skilvirkni í samskiptum. Bera virðingu fyrir og hlusta á ábendingr frá t.d. sundmönnum.
- **Við höfum gaman af því sem við gerum en þar kom fram eftirfarandi;** ○ Kynnumst fullt af fólki,skemmtilegt starf-sundþjálfun. Mót fyrir yngri krakka gerð skemmtilegri-jákvæð upplifun. Gefandi starfþátttaka foreldra mikilvæg, vinna fyrir félagið. Á okkar ábyrgð að hafa gaman, sjálfbodaliðastarf á að vera skemmtilegt. Mikilvægt að hitta aðra í hreyfingunni-læra um íþróttina-foreldra námskeið. Jákvætt samspil foreldra og sundfólks, að kenna foreldrum að hafa gaman,gleðin í fyrirrúmi. Fræðsla=gleði. Ævilöng tengsl-búðir og samvera. Félagsskapurinn skiptir miklu máli. Forréttindi að fylgjast með sundfólki þroskast. Styrkja félagsandann-jákvætt hugarfar, virkja sem flesta, hvatningarverðlaun. Garpar=gleði ☺ Gaman þegar gengur vel, muna að hrósa. Samvera/samheldni liða. Gefa til baka til yngri sundmanna, fá tækifæri til að vera fyrirmynd. Sundvinir mikilvægir-fá stuðning frá vinum þegar upp kemur leiði. Afslappaðri mót fyrir yngri krakka, blanda liðum t.d. í boðsundi. Hafa auga með einelti. Passa að koma jafnt fram við alla. Liðin gefi krökkum hlutverk, t.d. hvatningastjórar. Hafa meiri hvatningu á sundmótum.
Skapa meiri stemningu á Bikarmótinu.
- **Við sýnum hvort öðru trúnað og traust en þar kom fram eftirfarandi;** ○ Jákvæð upplifun á starfi með sundfélagi. Þjálfarar milli félaga mættu bæta samskipti sín á milli, sérstaklega hjá yngri hópum-rækta traust. Skilningur á mismunandi þörfum félaga. Koma skoðunum sínum á framfæri til réttra aðila-rétt samskipti auka traust. Vantar uppá trúnað og traust milli sundmanna og ssí-meira samtal-texta er hægt að misskilja. Góð samskipti við sundmenn skapa traust. Ábendingar þurfa að vera skriflegar til að fá formlega umfjöllun. Fulltrúi sundmanna gæti komið ábendingum á framfæri. Samskipti milli sundmanna og ssí þarf að bæta-upplýsingar um súndmót og tilhögun. Virða tíma sundmanna. Skilningur og virðing fyrir starfi dómara(þjálfarar og foreldrar hafi hugfast)

- **Við erum framsýn og lausarmiðuð en þar kom fram eftirfarandi; ○ Stefna hátt, skýr stefna, fleiri málþing, skapa fleiri vettvanga til samræðu. Vantar fleiri sundlaugar, aukin flóra sundgreina/iðkunar(dýfingar, sundknattleikur, víðavatnssund ofl). Jákvætt til framtíðar að halda þetta málþing. Hvetja foreldra til þátttöku. Opin umræða-hlusta. Halda áfram að bera virðingu fyrir hvort öðru. Fjölmiðlafulltrúi ssi góð hugmynd-góð kynning til framtíðar. Gott skipulag fram í tímann, virða atburðadagatal ssi. Að dómaraþar fái fatnað í öðrum lit en hvítum ☺ Framtíðarplön fyrir eldri sundmenn á landsbyggðinni. Spennandi að sjá hvernig verður unnið úr hugmyndum t.d. frá þessu málþingi. Aðgengilegri upplýsingar fyrir sundmenn sem ætla sér í nám og æfingar erlendis-nýta þá reynslu sem fyrir er. Betri skipulagning á upplýsingum vegna landsliðsverkefna. Staða sundmanna-fá upplýsingar frá þjálfurum. Kynna meira útá landi. Betri umgjörð vegna sundmanna sem æfa erlendis. Velja þjálfara fyrir landsliðsverkefni, ekki hafa fastan landsliðsþjálfara-landsliðsnefnd myndi velja- upplýsingar um sundmenn gangi milli þjálfara. Vantar dýfingalaug. Passa atburðadagatalið. Nota þessa punkta sem hér koma fram. Mikilvægt að til sé farvegur fyrir þessar hugmyndir. Betri greining á stöðu sundmanna. Frábær aðstaða og árangur sundmanna sem fara erlendis. Mikilvægt að bæta umhverfi hér heima þannig að góðir sundmenn geti æft hér heima. Læra til framtíðar. Kynna betur afreksfólkið. Búa til sundtæknimyndbönd fyrir sundmenn og þjálfara-gott fyrir minni sundfélög. Skólar og sundhreyfingin þurfa að vinna vel saman. Passa fjölmiðlaumfjöllun um sund. Fleiri verkefni fyrir efnilegt yngra sundfólk. Tokyo 2020 er flott, mætti vera eitthvað annað líka. Byggja upp traust við fjölmiðla. Snapchat?**